

ÚTTEKT Á STARFSEMI


Menntaskólans á Ísafirði

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

20. júní 2015

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

*Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og
Sveinborg Haflíðadóttir*



Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Ísafirði 2015

Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, nemendum, foreldrum ásamt fulltrúum skólanefndar og skólaráðs fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 20. júní 2015

Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir.

Efnisyfirlit

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	5
1. INNGANGUR	7
1.1. Gagnaöflun.....	7
2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS	8
2.1. Nemendur	8
2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda.....	9
2.1.2. Brottfall nemenda	12
2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara	13
2.2. Mannauður	13
2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl	14
2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna	14
2.2.3. Sí- og endurmenntun	15
2.3. Áherslur og stefna skólans.....	16
2.3.3. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum	17
2.3.4. Jafnréttisstefna	17
2.3.5. Forvarnar- og lýðheilsustefna.....	18
2.3.6. Heilsueflandi framhaldsskóli	19
2.3.7. Umhverfisstefna	20
2.3.8. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt.....	20
2.4. Húsnæði og aðbúnaður.....	20
2.4.1. Eftirlit úttektaraðila	21
2.4.2. Öryggisnefnd skólans.....	21
2.5. Lög og reglugerðir.....	21
2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins	21
2.7. Námsbrautir	22
2.7.1. Almenn námsbraut	22
2.7.2. Grunndeild bíliðna.....	22
2.7.3. Grunndeild bygginga- og mannvirkjagreina	22
2.7.4. Grunndeild hár- og förðunargreina	22
2.7.5. Grunnám málmiðngreina.....	22
2.7.6. Grunnám rafíðna	23
2.7.7. Húsasmíði.....	23
2.7.8. Sjúkraliðabraut.....	23
2.7.9. Stálsmíðabraut.....	23
2.7.10. Stúdentsprófsbrautir.....	23
2.7.11. Vélstjórnarnám A.....	23
2.7.12. Vélstjórnarnám B.....	23

2.7.13. Vélvirkjabraut	23
2.8. Mat úttektaraðila	24
3. SKÓLANÁMSKRÁ	27
3.1. Endurskoðun skólanámskrár	27
3.1.1. Grunnþættir menntunar	29
3.2. Tengsl skólastiga	29
3.3. Námsmat.....	30
3.3.1. Árangur og einkunnir	31
Mynd 2. Einkunnadreifing anna frá 2008.	31
3.4. Mat úttektaraðila	32
4. STJÓRNUN OG REKSTUR	33
4.1. Stjórnskipulag og skipurit	34
4.1.1. Skólaráð.....	34
4.1.2. Skólanefnd.....	35
4.2. Ákvarðanataka	36
4.3. Nemendafélag	36
4.4. Mat úttektaraðila	37
5. NÁM OG KENNSLA.....	38
5.1. Fjölbreytni.....	38
5.2. Kennsluhættir	39
5.2.1. Jafnréttiskennsla.....	40
5.4. Þróunarverkefni	41
5.5. Mat úttektaraðila	42
6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI.....	43
6.1. Líðan nemenda	43
6.2. Einelti og agamál.....	44
6.3. Félags- og tómstundastarf	44
6.4. Jafnrétti meðal nemenda	45
6.5. Náms- og starfsráðgjöf	45
6.6. Forvarnar- og áfallaráð	46
6.7. Mat úttektaraðila	46
7. INNRA MAT	49
7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd	49
7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati.....	49
7.3. Mat á frammistöðu kennara	50
7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats	50
7.5. Mat úttektaraðila	51

8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL	52
8.1. Foreldraráð	52
8.2. Samstarf við grenndarsamfélag	52
8.3. Lýðræði og þátttaka	53
8.4. Upplýsingaflæði.....	53
8.5. Mat úttektaraðila	54
9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR	55
9.1. Almenn stöðþjónusta.....	55
9.2. Starfsbraut.....	56
9.3. Mat úttektaraðila	57
10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA	58
10.1. Styrkleikar og veikleikar	58
10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	59
11. HEIMILDIR	61

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Menntaskólans á Ísafirði (MÍ) á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á framhaldsskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennar upplýsingar um starfsemi hans. Lagt er mat á stjórnun og rekstur, skólanámskrá, nám og kennslu, skólabrag og samskipti, samstarf við foreldra, sérþarfir nemenda og kannað hvort innra mat skólans mætir ákvæðum aðalnámskrár og þörfum skólans.

MÍ var stofnaður árið 1970. Hann var fyrst bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjarkerfi en tók á sig núverandi mynd um árið 1990. Skólinn leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Sérstaða skólans er að hann er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum sem býður upp á verklegt nám og lokapróf úr framhaldsskóla.

Skipurit skólans, starfslýsingar og ábyrgðarskipting stjórnenda liggja fyrir. Skipuritið virðist að mestu leyti henta stærð hans og verkefnum en auka mætti starfshlutfall í stjórnun. Í allri stjórnun er hlutfall kynja nokkuð jafnt. Skólanefnd er virk, er m.a. samráðsaðili skólameistara, hefur komið að stefnumótun og fylgst vel með starfi skólans. Skólinn skilaði rekstrarafgangi árið 2014. Starfsmannavelta er lítil, starfsmenn hafa góðan aðgang að stjórnendum en stjórn skólans má almennt vera markvissari, auka má samráð við nemendur og starfsfólk og fylgja ákvörðunum betur eftir.

Faglegt frelsi kennara er mikið. Ekki eru allir kennarar skólans menntaðir á sínu fagsviði eða hafa þeir allir full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Fjölbreytt námsval í litlum skóla gerir það að verkum að í sumum tilfellum kenna kennarar fleiri greinar en þeir eru menntaðir í. Skólinn hefur reynt að uppfylla faglegar kröfur til kennara í framhaldsskóla með samstarfi við atvinnulíf svæðisins og Fjarmentaskólann.is. MÍ hefur ekki skriflegt ferli fyrir móttöku nýrra kennara og þjálfun þeirra er ekki nægilega markviss. Skólinn er með fræðslustefnu og en ekki liggur fyrir formleg endurmenntunaráætlun fyrir starfsfólk. Framboð á endurmenntun kennara virðist fara eftir virkni fagfélaga og samgöngur nokkur hindrun í sækja endurmenntun. Starfsmannasamtöl hafa verið regluleg síðastliðin ár að undanskildu 2014 vegna verkfalls. Framkvæmd hefur yfirleitt gengið vel en samtölunum má fylgja betur eftir. Húsnæði skólans og skólasafn fullnægja að mestu þörfum skólans.

Fjölbreytt námsframboð virðist koma að mestu leyti til móts við þarfir nemendahópsins, bæði í dagskóla og fjarnámi. Byggð hafa verið upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist þörfum þeirra yfirleitt vel sinnt en endurmeta þarf þörf

fyrir stuðningstíma eftir niðurskurð og auka samstarf um starfsbraut. Nemendur virðast almennt ánægðir með skólann og námið en rýna má betur í líðan nemenda. Skólinn hafnar fáum umsækjendum og brottfall nemenda hefur verið nokkuð mismunandi eftir önnum. Endurskoðun námskrárinnar hófst 2008 en óvissa um kjaramál og o.fl. töfðu vinnuna. Stefnt er að því að kenna bóknámsbrautir skv. nýrri skólanámskrá haustið 2015. Í áfangalýsingum eru skilgreind markmið um þekkingu, leikni og hæfni og gerð grein fyrir námsmati sem er fjölbreytt og stuðst að mestu við leiðsagnarmat. Leiðsagnarmatið þarf að skilgreina betur í lýsingunum. Formleg stefna er fyrir heimanám en betra skipulag þarf að vera á verkefnaskilum.

Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum og einelti virðist lítið. Lýðræðisleg aðkoma nemenda að náminu og skólastarfinu er nokkur en má auka m.a. með enn virkara skólaráði. Skólinn hefur tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og fjölmörgum þróunarverkefnum á síðustu árum sem flest hafa skilað sér í námið. Nemendafélagi skólans hefur gengið nokkuð vel að halda úti fjölbreyttri starfsemi. Innra mat skólans uppfyllir að mestu leyti viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat. Flestir þættir skólasamfélagsins eru metnir en æskilegt væri að fulltrúi nemenda, stjórnenda og annarra starfsmanna ætti sæti í sjálfsmatshópnum svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins. Foreldraráð er virkt og gott samstarf er milli foreldra og stjórnenda skólans. Samstarf skólans við grunnskóla sveitarfélagsins og svæðisins hefur verið nokkurt, samstarf við aðra framhaldsskóla er mikið gegnum Fjarmentaskólann en samstarf við háskóla og Háskólasetur Vestfjarða mætti auka. Skólinn á í miklu samstarfi við grenndarsamfélagið sem báðum aðilum hefur gagnast vel.

Helstu styrkleikar skólans eru sérstaða hans að vera eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum sem býður upp á verklegt nám, góð tengsl við atvinnulíf á svæðinu og grenndarsamfélag sem skólinn hefur hækkað menntunarstig í, fjölbreytt námsval og kennsluáferðir þar sem reynt er að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp með góðri stoðþjónustu og samstarfi við Fjarmentaskólann, ánægðir nemendur og starfsfólk. Veikleikar eru þeir helstir að erfiðlega gengur að laða að kennara með full réttindi, aga og umgengni er ábótavant, stærsta upptökusvæði skólans er fámennt sem getur hindrað fjölbreytni í skólastarfi, s.s. val sem einnig er mjög kynbundið og. Helstu tillögur til úrbóta eru að hugað verði að því hvernig fjölga má kennurum með full réttindi, skipuð verði samstarfsnefnd til að endurskoða skólareglur, gerð verði áætlun til að bregðast við fækkun nemenda, hugað að úrræðum í sálfræði- og geðlæknisþjónustu, bætt móttaka nýrra starfsmanna, lokið við sí- og endurmenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn, skoðað hvernig megi draga úr kynbundnu námsvali, rýna betur í kannanir á líðan og kanna einelti reglulega.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Menntaskólans á Ísafirði. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina. Í úttektinni er lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Skólann og umhverfi hans
- Skólanámskrá
- Stjórnun og rekstur
- Nám og kennslu
- Skólabrag og samskipti
- Innra mat
- Samstarf við foreldra og ytri tengsl
- Sérþarfir nemenda

Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir starfsemi skólans og niðurstöðum úttektarinnar. Þá er lýst styrkleikum og veikleikum hans. Að lokum eru tillögur til úrbóta og viðaukar.

1.1. Gagnaöflun

Úttektin byggir á gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknum. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar úttektinni eru lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá, ársskýrslur, áfangalýsingar, kennsluáætlanir, tölur um skólasókn, heimasíða hans auk annarra gagna (sjá heimildaskrá). Auk þess er stuðst við vísbendingar til undirbúnings ytri úttektar sem sjálfsmatsnefnd skólans vann.

Fundað var með skólameistara og aðstoðarskólameistara (hér á eftir vísað í sem yfirstjórn skólans), sviðsstjórum, fulltrúum úr skólanefnd, tveimur hópum kennara ásamt fagstjórum og bókaverði, hópi annarra starfsmanna en kennara, fulltrúum úr foreldraráði, rýnihópi nemenda sem formaður nemendafélags valdi og náms- og starfsráðgjöfum. Alls var rætt við 46 manns. Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til skólastarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Gögn skólans voru almennt mjög góð.

2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður árið 1970. Hann var fyrst bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjarkerfi en tók á sig núverandi mynd um árið 1990 þegar Iðnskóli Ísafjarðar og húsmæðraskólinn Ósk sameinuðust menntaskólanum. Við sameiningu tók menntaskólinn upp kennslu í hinum ýmsu verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur milli skólans og sveitarfélaga á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og starfaði hann sem slíkur til ársins 2000 en þá var ákveðið að breyta nafni hans aftur í Menntaskólinn á Ísafirði og hefur hann haldið því nafni síðan en starfar nú eftir áfangakerfi. Hlutverk skólans er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Gildi skólans eru *metnaður, vidsýni, virðing og árangur*.¹ Í dag býður skólinn upp á bók- og verknám í dagskóla, dreifnámi og kvöldskóla. Nemendur eru 323 og starfsmenn eru 36 í 34,6 stöðugildum, þar af 24 kennarar í 23 stöðugildum.

2.1. Nemendur

Nemendur skólans voru á haustönn 2014 alls 363 en á vorönn 2015 323. Nemendur í dagskóla vorið 2015 voru 80% og í fjarnámi 20% og enginn nemandi skráður í kvöldskóla. Kynjahlutfall nemenda var 47,6 konur og 52,4 karlar. Um 65,8 % nemenda eru fæddir 1995, 1996, 1997 og 1998. Á vorönn 2015 var yngsti nemandi skólans fæddur 1998 en sá elsti 1953. Á haustönn 2104 voru 65 nemendur eldri en 25 ára og hafði þá fjölgað úr 26 á vorönn. Ástæðan er innritun 43 skipstjórnarnema (meðalaldur 41 ár)² Á vorönn 2015 var fjöldi skipstjórnarnema 29. Meðalstærð námshópa innan skólans má sjá í töflu 1. Tafla 2 sýnir fjölda nemenda við skólann árin 2011-2015. Nemendafjöldi eftir námsbrautum á vorönn 2015 má sjá í Viðauka I.

Tafla 1. Meðalstærð námshópa á haustönn 2014 og vorönn 2015

Námshópur	Haustönn 2014	Vorönn 2015
142 námshópar	13,2	
133 námshópar		13,2

Tafla 2. Fjöldi nemenda á árunum 2011-2015

Skólaár/annir	Dagskóli	Dreifnám	Kvöldskóli	Samtals
Skólaárið 2011-2012				
• Haust	304	8	0	312
• Vor	275	6	0	281
Skólaárið 2012-2013				
• Haust	308	0	0	308

¹ Ársskýrsla skólans 2013.

² Ársskýrsla skólans 2014.

Skólaár/annir	Dagskóli	Dreifnám	Kvöldskóli	Samtals
• Vor	302		0	302
Skólaárið 2013-2014				
• Haust	291	0	0	291
• Vor	262	0	6	280
Skólaárið 2014-2015				
• Haust	301	62	0	363
• Vor	258	65	0	323

2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda

Að sögn stjórnenda tekur skólinn inn alla nemendur sem sækja um skólavist. Í töflu 3 má sjá inntöku og aðsókn í MÍ. Umsóknum um skólavist hefur fjölgað frá fyrra skólaári um 86, eða um 80%. Að sögn yfirstjórnar má skýra þá fjölgun af því að haustið 2014 var sjómönnum boðið í raunfærnimat og þriggja anna nám til A- náms skipstjórnar.

Á vorönn 2015 voru um 79% nemenda skólans af upptökusvæði hans, þ.e. 61,8% frá Ísafjarðarbæ, 15,3% frá Bolungarvík og 2% frá Súðarvíkurhreppi en markmið skólans er að hlutfall nýnema af norðanverðum Vestfjörðum fari ekki undir 92%. ³Tafla 4 sýnir dreifingu nemenda eftir búsetu á skólaárið 2014 - 2015. Í sjálfsmatsskýrslu 2013-2014 og samantekt um ógnir og viðbrögð vegna nemendafækkunar kemur fram að helsta ástæða fækkunar nýnema við skólann sé áframhaldandi brottflutningur fólks af svæðinu en stærðir árganga í grunnskólum gefi ekki góðar horfur um nemendafjölda á næstu árum. Skólameistari og formaður skólanefndar segja að forsendubrestur verði í rekstri skólans á næstu árum og stjórnvöld þurfi að bregðast við honum á einhvern hátt. Mynd 1 sýnir fjölda og horfur framhaldsskólanema á Vestfjörðum. Einnig kemur fram í sjálfsmatsskýrslu að nemendum muni fækka vegna styttingar framhaldsskólans í þrjú ár.⁴⁵

Tafla 3. Inntaka og aðsókn í MÍ.

Skólaár	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykktra umsókna	Hlutfall samþykktra umsókna
Skólaárið 2011-2012	108	108	100%
Skólaárið 2012-2013	105	105	100%
Skólaárið 2013-2014	107	106	99,1%
Skólaárið 2014-2015	193	189	97,9%

³ Viðauki við skólasamning MÍ 2015 – 2017.

⁴ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

⁵ Ógnir og viðbrögð vegna nemendafækkunar í Menntaskólanum á Ísafirði.


Tafla 4. Dreifing nemenda eftir búsetu skólaárið 2014 – 2015.

Haustönn 2014		Vorönn 2015		Búseta
Fjöldi	%	Fjöldi	%	Nafn sveitarfélags
8	2,2	2	0,7	Akranes
3	0,8	4	1,3	Akureyri
1	0,3	1	0,3	Árborg
1	0,3			Bláskógabyggð
54	15	46	15	Bolungarvík
		1	0,3	Bretland
2	0,6	1	0,3	Fjallabyggð
3	0,8	7	2,3	Fjarðabyggð
1	0,3	2	0,7	Fljótshálsa
1	0,3	1	0,3	Grindavík
1	0,3	2	0,7	Grundarfjörður
3	0,8	6	2,0	Hafnarfjörður
1	0,3	1	0,3	Húnaþing vestra
1	0,3	1	0,3	Hveragerði
		1	0,3	Höfn í Hornafirði
238	66	186	62	Ísafjarðarbær
1	0,3			Kaldrananeshreppur
2	0,6	1	0,3	Kópavogur
		1	0,3	Mauritanía
1	0,3			Norðurþing
1	0,3			Reykjanesbær
13	3,6	12	4,0	Reykjavík
		2	0,7	Seyðisfjörður

Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Ísafirði 2015

Haustönn 2014		Vorönn 2015		Búseta
3	0,8	6	2,0	Skagafjörður
1	0,3			Skagaströnd
5	1,4	4	1,3	Strandabyggð
1	0,3			Stykkishólmur
12	3,3	6	2,0	Súðavíkurbreppur
3	0,8			Vesturbyggð
3	0,8	1	0,3	Tálknafjörður

Mynd 1. Framhaldskólanemar á Vestfjörðum 1973 – 2016. ⁶



⁶ Gögn frá skólameistara.

2.1.2. Brottfall nemenda

Skólinn hefur sett sér viðmið um 5 % brottfall. Í skólasamningi MÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2015 er skilgreining á brottfalli *Brotthvarf er miðað við fjölda nemenda sem innritast í áfanga eftir töflubreytingar og þá sem eru skráðir í próf.*⁷ Tafla 5 sýnir brottfallshlutfall nemenda. Þar sést að brottfall jókst árið 2014. Í ársskýrslu er talið að lítið brottfall árið 2012 sé hugsanlega hægt að skýra *með sérstakri áherslu á leiðsagnarmat og nýjungar þess haft áhrif á ástund nemenda.*⁸ Skipuleg söfnun skráninga og upplýsinga um ástæður brotthvarfs var fyrst gerð haustið 2012. Í sjálfsmatsskýrslu 2013-2014 kemur fram að það sé mat nefndarinnar að efling náms- og starfsráðgjafar ásamt bættum kennsluháttum stuðli að minna brottfalli. Einnig kemur þar fram fjöldi, aldur og skýringar nemenda sem féllu frá námi. Algengast var að nemendur hættu vegna veikinda, vinnu eða áhugaleysis á námi.⁹

Skólinn hefur brugðist við brottfalli m.a. með breyttum kennsluháttum og markvissri námsráðgjöf. Samkvæmt vísbendingum til undirbúnings ytri úttektar 2015 gáfu þessar aðgerðir góðan árangur í fyrstu en nú séu teikn á lofti um að aftur sé farið að aukast brottfall.¹⁰ Í viðtölum við stjórnendur og í rýnihópum kennara og nemenda kom fram að aukið brottfall geti átt sér ýmsar skýringar. Í fyrsta lagi hafi verkfall kennara yfirleitt áhrif á brottfall nemenda. Nokkurt brottfall hafi einnig verið í hópi nemenda sem sækja þriggja anna nám til A- náms skipstjórnar. E.t.v. hafi margir þeirra ekki áttað sig á umfangi námsins og kvöðum. Þá kom fram í öllum hópum, sem rætt var við, að kvíði nemenda hefði aukist m.a. vegna aukins áreitis á samfélagsmiðlum og tölvufíknar.

Hvorki geðlæknir né sálfræðingur eru að störfum á norðanverðum Vestfjörðum en sálfræðingur af höfuðborgarsvæðinu kemur reglulega vestur. Að sögn yfirstjórnar fellur heimsókn stundum niður vegna samgöngutruflana og því geti biðtími verið langur. Námsráðgjafar hafa vísað nokkrum nemendum, sem þjáast af kvíða, á námskeið um hugræna atferlismeðferð (*HAM*) hjá hjúkrunarfræðingi á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Nemendur í rýnihópi sögðu að mikið álag væri hjá þeim vegna tíðra verkefnaskila, stór verkefni kæmu oft á sama tíma og lítið samráð væri milli kennara sem skapaði að þeirra mati ákveðna óreiðu. Einnig kom fram að margir nemendur ynnu nokkuð með náminu sem kennarar sögðu að kæmi oft niður á náminu og gæti leitt til brottfalls.

⁷ Skólasamningur MÍ 2015 – 2017.

⁸ Ársskýrsla 2013.

⁹ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

¹⁰ Vísbendingar til undirbúnings ytri úttektar.

Tafla 5. Brottfall nemenda

Skólaár/annir	Brottfall nemenda	Brottfallshlutfall
Skólaárið 2014-2015		
Haust	44	10,6%
Skólaárið 2013-2014		
Haust	15	4,9%
Vor	23	8,2%
Skólaárið 2012-2013		
Haust	6	2%
Vor	15	5,2%
Skólaárið 2011-2012		
Haust	28	9%
Vor	8	3%

2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara

Árlegur kennslutími skólaárið 2013-2014 voru alls 156 kennsludagar, þar af 83 haustið 2013 og 77 vorið 2014. Almenn stefna um forfallakennslu er á þann veg að nemendum er ekki veitt forfallakennsla vegna veikinda kennara nema um sé að ræða lengri forföll. Kennslustundir, sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara, hafa undanfarnar annir verið 3-4% af heildar kennslustundum annar.

2.2. Mannauður

Við skólann starfa 23 kennarar þar með talið 7 sviðsstjórar en auk þess teljast tveir til yfirstjórnar skólans, skólameistari og aðstoðarskólameistari. Í stjórnendateymi eru einnig fjármálastjóri og námsskrárstjóri, þrjár konur og einn karl. Starfsmenn eru 36 í 34,6 stöðugildum, þar af eru 39% karlar og 61% konur. Starfsmannastefna skólans er að sögn stjórnenda endurskoðuð 2007 en er að grunni til frá 2003. Stefnan er eftirfarandi:¹¹

- Tryggja starfsmönnum sem best starfsskilyrði
- Veita starfsmönnum tækifæri til þess að taka framförum og þróun í starfi
- Standa vörð um réttindi og starfsmanna sem og skyldur þeirra í skólastarfi
- Stuðla að góðum vinnuanda
- Viðhalda skýrum bodleiðum og liprum samskiptum starfsmanna innbyrðis
- Halda starfsmönnum upplýstum um markmið stjórnenda og stefnumið á hverjum tíma
- Veita starfsfólki aðgengi að stefnumótun skólans og áherslum í innra starfi hans
- Stuðla að sem jafnastri skiptingu karla og kvenna í störfum á vegum skólans.

Fram kom hjá yfirstjórn að virkja mætti starfsmenn mun betur í útfærslu stefnunnar. Hjá starfsmönnum kom fram að stefnan væri ekki virkt plagg.

¹¹ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl

Starfsmannaveltu skólans og ráðningar árin 2011-2014 má sjá í töflu 6 og í töflu 7 má sjá starfsaldur starfsfólks og kennara við skólann. Fjórir starfsmenn eru í leyfi skólaárið 2014-2015. Skólinn hefur starfsmannahandbók þar sem m.a. er fjallað um starfsmannastefnu, endurmenntun, skipurit, starfslýsingar, siðferði og lög og reglugerðir.¹² Fram kom í rýnihópum starfsmanna að starfsmannahandbók væri *máttlaust plagg* og lítið nýtt sem slík.

Skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa skipt með sér að eiga starfsmannasamtöl við flesta starfsmenn á síðastliðnum árum en ekki árið 2014 að þeirra sögn vegna verkfalls. Í samtölunum hefur m.a. verið stuðst við kennslukönnun og áhættumat. Þeir starfsmenn, sem rætt var við, sögðust flestir óska eftir reglulegum starfsmannasamtölum sem væru mjög gagnleg þegar vel tækist til. Þau hefðu þó stundum hvorki verið nægilega markviss né fylgt eftir eins og þörf væri.

Tafla 6. Yfirlit yfir starfsmannaveltu skólans árin 2011-2014.

Ár	Hætta v.aldurs	Segja upp	Hætta v.tímabundinnar ráðningar	Sagt upp	Nýráðnir	Tímabundnar ráðningar
2011	1	2	0	0	1	2,5
2012	1	1	0	0	1	1
2013	0	0	1	0	0	0
2014	0	3*	0	0	2	1

* Óskuðu eftir launalausum leyfi til eins árs.

Tafla 7. Meðalstarfsaldur starfsfólks skólans.

Starfsmenn	Meðal starfsaldur	Starfsaldur flestra
Allir starfsmenn	7,9 ár	3 ár
Kennarar	8,0 ár	3 ár

2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur: 1). meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða 2).öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða 3).meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða 4).fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu og uppeldisfræði.¹³

¹² Starfsmannahandbók MÍ.

¹³ Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 5. gr.

Í sjálfsmatsskýrslu 2013-2014 kemur fram að 75% kennara skólans hafi full réttindi til kennslu í framhaldsskóla.¹⁴ Tafla 8 sýnir menntun kennara. Þar kemur fram að tæp 40% hafa lokið meistaraáráðu og tæp 22% hefur meistaraáráttindi. Skólinn hefur ekki skráð ferli fyrir móttöku nýrra kennara en fram kom meðal þeirra starfsmanna, sem rætt var við, að oftast væri vel tekið á móti nýjum kennurum en ferlið og þjálfunin mætti vera mun markvissara og samræmdara. Stjórnendur segja að skilgreina þurfi ferlið upp á nýtt.

Tafla 8. Menntun kennara vor 2015.

Menntun	Fjöldi
Minna en BA / BS / B.ed, iðnmeistari, vélstjórn, skipstjórn	5
BA / BS / B.ed auk kennslu réttinda	3
Viðbótarnám án MS	6
MA / M.sc / M. Ed	9
Doktorspróf	0

2.2.3. Sí- og endurmenntun

Skólinn hefur sett sér endurmenntunarstefnu og er hún aðgengileg í skólanámskrá. Þar segir m.a. *skólayfirvöld vilja stuðla að möguleikum starfsfólks til þess að afla sér endurmenntunar og auka þannig við færni sína og fagþekkingu sem nýtist skólanum sem best og að stjórnendur skólans telji æskilegt að kennarar sækji vidurkennd námskeið, málþing og eða fagráðstefnur allt að 16 klst. á ári – og ekki minna en 30 klst. á 5 ára tímabili.*¹⁵

Skólinn hefur ekki formlega endurmenntunaráætlun. Að sögn stjórnenda hvetja þeir kennara til að sækja sér endurmenntun og að margir kennarar séu í viðbótarnámi. Markmið skólans sé að vera með tvö innanhússnámskeið á önn auk ýmissa örnámskeiða sem hafi mælst vel fyrir. Kennarar í rýnihópum sögðu að almennt væri vel tekið í óskir um endurmenntun að þeirra frumkvæði. Landfræðileg lega og samgöngutruflanir geri þeim erfitt fyrir að sækja námskeið á höfuðborgarsvæðinu. Fjarkennsla á þeim námskeiðum sem bjóðast væri sjaldan nýtt en góður fjarfundabúnaður væri til hjá *Fræðslumiðstöð Vestfjarða*. Margir sögðu framboð ekki nægjanlegt innanlands og vitnuðu sumir í þá tíma þegar *KHÍ* var með fjölbreyttari endurmenntun. *Endurmenntun HÍ* og fagfélögin sinntu endurmenntun en það færi mikið eftir því hve virk fagfélögin væru hvað væri í boði hverju sinni.

Fram kom í rýnihópunum að ekki sæktu margir kennarar námskeið yfir sumarið. *Engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um hversu reglulega kennarar sækja endurmenntun en ef litið er til umræðna og mats rýnihóps kennara virðast fáir sækja endurmenntun með*

¹⁴ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

¹⁵ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

reglulegum hætti.¹⁶ Það viðhorf kom fram í rýnihópi kennara að æskilegt væri að haldið væri utan um hvaða endurmenntun þeir sæktu.

2.2.4. Starfsánægja

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar *Stofnun ársins* 2015 var meðaltal þáttarins ánægja og stolt hjá MÍ 4,10 og 4,11 árið 2013 sem er á svonefndu starfshæfu bili 3,7 - 4,2, á fimm punkta kvarða. Skólinn tók þátt í *Stofnun ársins 2014* en þátttaka var undir lágmarki því er skólinn ekki með í niðurstöðum. Í viðtölum og rýnihópum allra starfsmanna kom fram að góður andi væri í skólanum og samheldni meðal starfsmanna og nemenda.

2.3. Áherslur og stefna skólans

Hlutverk og markmið MÍ grundvallast á skilgreiningu á hlutverki framhaldsskóla í lögum nr. 92/2008 en þar segir að hlutverk framhaldsskóla sé *að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara námi. Í skólanámskrá skólans 2014 - 2015 kemur fram að þetta ákvæði hafi starfsmenn að leiðarljósi í vinnu sinni ásamt einkunnarorðum skólans. Einnig sé það hlutverk skólans að bjóða upp á fjölbrett nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Bodið sé upp á verknám, starfsbraut og bóknám til stúdentsprófs. Yfirmarkmið skólans og stefna eru eftirfarandi:*¹⁷

2.3.1. Yfirmarkmið

1. *Nemendur fái góðan undirbúning til frekara náms og starfa og nái alhliða þroska og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.*
2. *Nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum.*
3. *Að við skólann starfi vel menntaðir kennarar og endurmenntunarstefna skólans sé virk.*
4. *Stjórnun er gagnsæ og upplýsingaflæði gott*

2.3.2. Stefna

- *Einkunnarorð skólans eru metnaður, víðsýni, virðing, árangur. Skólinn stefnir að því að nemendur jafnt sem starfsfólk tileinki sér menningu vinnustaðar með þessi orð að leiðarljósi.*
- *Áhersla er lögð á að námið sá samfellt, markvisst og hæfilega sérhæft.*
- *Skólinn býður fram fjölbreytt námsframboð.*
- *Kennarar nýta kennsluvef skólans markvisst í kennslu.*
- *Skólinn býður upp á fjölbreytta kennsluhætti og nýtir upplýsingatækni, hvort heldur í bóknámi eða verknámi.*
- *Skólinn eflir leiðsagnarmat í kennslu.*

¹⁶ Vísbendingar til undirbúnings ytri úttektar.

¹⁷ Skólanámskrá MÍ 2014-2015

- Skólinn leggur áhersla á símat og minnkað vægi lokaprófa.
- Skólinn stuðlar að öflugum forvarnar- og jafnréttisstarfi og tengir það sérstaklega við áfanga í lífsleikni.
- Skólinn hvetur nemendur og starfsfólk til að tileinka sér jákvæð viðhorf til heilsuræktar alla ævi.
- Skólinn auðveldar nemendum að samræma nám og fjölskylduábyrgð.
- Skólinn stuðlar að öflugum félagslífi meðal nemenda og metur það að uppfylltum fullnægjandi skilyrðum til valeininga, svo og þátttöku þeirra í öðru félagsstarfi.
- Skólinn er í samstarfi við foreldra nemenda undir 18 ára aldri. Skólinn er í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á norðanverðum Vestfjörðum.
- Skólinn er aðili að Fjarmentaskólanum, fjarmentaskolinn.is
- Skólinn er í samstarfi við erlenda skóla í Les Sables d'Oloenne í Frakklandi og EUC Lillebælt í Danmörku.

Við lok náms í MÍ er stefnt að því að nemendur:

- hafi öðlast hjálfun í ögudum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun
- geti tjáð sig bæði í ræðu og riti
- geti beitt þeim vísindalegu vinnubrögðum sem kennd eru í framhaldsskóla
- séu færir um að vinna með öðrum
- hafi gott vald á upplýsingatækni
- hafi öðlast vitund og ábyrgð gagnvart umhverfi sínu og geti notið menningarlegra verðmæta
- kunni skil á réttindum og skyldum einstaklings í lýðræðisþjóðfélagi
- hafi öðlast alhliða þroska og búi yfir félagslegri og borgaralegri hæfni
- öðlist siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust, sjálfsvirðingu, umburðarlyndi, sjálfsaga og hófsemi
- geri sér ljóst að námi lýkur ekki við lok skólagöngu heldur er unnt að halda áfram að afla sér nýrrar þekkingar og reynslu.

Að sögn yfirstjórnar og námskrárstjóra hafa margir komið að mótun stefnunnar (sjá nánar 3.1). Fram kom í rýnihópi kennara að nemendur, foreldrar og starfsmenn hafi komið að stefnumótuninni árið 2009 en vinnunni hafi ekki verið fylgt nægilega vel eftir.

2.3.3. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum

Árið 2012 setti skólinn sér viðbragðsáætlun í eineltismálum og er hún aðgengileg í skólanámskrá og á heimasíðu skólans. Þar kemur fram hvert nemendur og starfsmenn eiga að leita verði þeir fyrir eða varir við einelti.¹⁸ Fram kom hjá stjórnendum og kennurum að áætlunin hefði nýst vel við lausn eineltismáls sem upp hefði komi. Sjá nánar um einelti í kafla 6.2.

2.3.4. Jafnréttisstefna

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína.¹⁹

Skólinn hefur jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Þar koma fram

¹⁸ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

¹⁹ Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 13.gr.

helstu markmið og leiðir í málaflokknum. Í jafnréttisáætlun MÍ er lögð áhersla á jafnan rétt kvenna og karla til launa, stöðuveitinga, starfa og þátttöku í nefndum og ráðum. Jafnframt er áréttað mikilvægi þess að bæði kyn fái notið starfsþjálfunar og endurmenntunar að jöfnu. Auglýsingar, upplýsingagjöf, kynferðisleg og kynbundin áreitni og tengsl við starfsmannastefnu eru einnig viðfangsefni jafnréttisáætlunarinnar. Starfandi er jafnréttisnefnd sem ætlað er að stuðla að jafnri stöðu og virðingu karla- og kvenna innan skólans og vinna gegn misrétti. Jafnréttisfulltrúi fer fyrir nefndinni en skólameistari ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé framfylgt.²⁰ Hlutfall kynja í hópi starfsmanna er 39% karlar og 61% konur og hlutfall kynja í fjögurra manna stjórnendateymi er 25% karlar og 75% konur.²¹ Sjá kafla 6.4 um jafnrétti meðal nemenda.

Skiptar skoðanir voru meðal starfsmanna á því hvort jafnréttis meðal starfsfólks væri gætt í skólanum. Sumir sögðu að þeir teldu að ekki væri munur á aðstöðu eða kjörum starfsmanna eftir kyni. Aðrir sögðu að jafnréttis væri ekki gætt. Karlkennurum væri t.d. ráðað hærra í launum og meistaranám í greinum væri ekki jafnt metið. T.d. væri meistaranám í hárgreiðslu metið lægra til launa en í mörgum öðrum greinum. Að sögn yfirstjórnar ályktaði jafnréttisnefnd skólans 20. mars 2013 um að um brot á jafnræðisreglu sé hér að ræða við launaröðun vegna mats á meistaranámi í hárgreiðslu. Nefndin samþykkti að vísa málinu aftur til samstarfsnefndar til frekari umfjöllunar en það hefur ekki verið gert. Þá kom fram hjá starfsfólki að erfitt gæti verið að fá karlskynskennara í ákvednar verknámsgreinar nema með yfirborgun.

Stjórnendur segja umsóknir um störf við skólann fáar og hæfasti umsækjandinn sé valinn. Gerð var launakönnun í mars 2013 meðal starfsmanna skólans en þar hafi m.a. komið fram að í verknámi, þar sem fleiri karlmenn störfuðu, væri meiri yfirvinna en í öðrum deildum og að stundum ættu menn ekkert val um að taka yfirvinnuna þar sem ekki fengjust aðrir til starfa. Þá sækist konur síður eftir yfirvinnu en karlmenn. Að sögn yfirstjórnar kemur launaröðun kennara fram á vinnuskýrslum við upphaf hverrar annar. Engar athugasemdir hafa verið gerðar undanfarnar fimm annir við þessar vinnuskýrslur er varðar mismun vegna kynja eða menntunar og allir samþykkt þær. Einnig er leitast við að í nefndum á vegum skólans sé jafnt hlutfall kynja og var það staðfest í hópi starfsmanna.

2.3.5. Forvarnar- og lýðheilsustefna

Skólinn hefur stefnu í heilsumálum í tengslum við þátttöku skólans í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*, sjá nánar í kafla 2.3.4. Stefnunni er ætlað að hafa áhrif á allar daglegar venjur og starf í skólanum og tekur til sex þátta; næringar, öryggis, hollustu,

²⁰ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

²¹ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

hreyfingar, geðræktar og heilbrigðs lífstíls. Fyrir hvern þátt er skilgreint markmið og leiðir að því markmiði.²²

Skólinn hefur einnig forvarnarstefnu þar sem greint er frá markmiðum skólans varðandi forvarnir og leiðir til að ná settum markmiðum. Stefnumörkun er í höndum forvarnarteymis, skólaráðs og kennarafundar. Fyrir forvarnarteymi fara forvarnarfulltrúi og skólameistari. Hlutverk þess er *að stuðla að því að forvarnir í viðtækum skilningi séu hluti af daglegu starfi skólans*.²³ Sjá nánar í kafla 6.6.

Í könnun *Rannsóknar og greiningar* frá 2013 meðal 16 – 17 ára nemenda kemur fram í samanburði milli framhaldsskóla að hlutfall nemenda sem hafa orðið ölvadir s.l. 30 daga er um 30% en meðaltal allra framhaldsskóla var 45%, hlutfall nemenda í MÍ sem reykja sígarettur daglega er 9% en meðaltal allra framhaldsskóla var 7%. 9% nemenda hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina samanborið við 6% meðaltal allra skóla. Neysla nemenda á öðrum vímuefnum er undir meðaltal annarra framhaldsskóla.²⁴ Fram kom meðal foreldra og kennara að mikið íþróttalíf væri á svæðinu. Þá hafi VáVest, sem er sjálfstæður hópur og nokkurs konar undirverktaki sveitarfélaganna þriggja á norðanverðum Vestfjörðum og eins konar regnhlíf yfir þá aðila sem á einn eða annan hátt vinna að forvörnum, stýrt forvarnarstarfi á svæðinu síðan 1996 og hafi starfið skilað mjög góðum árangri.

2.3.6. Heilsueflandi framhaldsskóli

MÍ tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Þar er byggt á þeirri stefnu að nálgast forvarnir út frá jákvæðu og víðu samhengi og stuðla þannig að auknum árangri og meiri vellíðan í skólasamfélaginu. Skipaður hefur verið stýrihópur vegna verkefnisins en íþróttakennari stýrir því. Í stýrihópnum sitja auk hans aðstoðarskólameistari, forvarnarfulltrúi, náms- og starfsráðgjafi, fjármálastjóri og fulltrúi nemenda. Lýðheilsustöð heldur utan um verkefnið sem 31 framhaldsskóli á landinu tekur þátt í, en verkefnið var þróað í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) undir formerkjum HOFF samstarfsins, þ.e heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum. Megináherslur verkefnisins eru á fjögur þemu; *næring, hreyfing, geðrækt og lífsstíll* en miðað er við að eitt viðfangsefni sé tekið fyrir á hverju skólaári. Hafi skólinn uppfyllt viðeigandi lágmarkskröfur öðlast hann bronsviðurkenningu en silfur og gullviðurkenning er í boði fyrir skóla sem uppfylla kröfur umfram lágmarkskröfur.²⁵

²² Embætti landlæknir–Heilsueflandi framhaldsskóli.

²³ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

²⁴ Rannsókn og greining 2014.

²⁵ Embætti landlæknis-Heilsueflandi framhaldsskóli.

Skólinn vinnur nú að síðasta þema verkefnisins, lífsstíl. Í tengslum við verkefnið hefur verið staðið fyrir ýmsum viðburðum og fleiri aðgerðum síðastliðin ár. Má þar nefna nýjungar í íþróttakennslu, kynningar á þemum, þátttaka í *Hjólað í skólann* og boðið var upp á ókeypis hafragraut að morgni. Einnig hefur skólinn lagt áherslu á fjölbreyttan mat í mötuneyti skólans svo gestir þess hafi ávallt val um hollustu. Sjoppa skólans sem rekin er af nemendum hefur einnig tekið breytingum vegna verkefnisins.²⁶ Í þjónustukönnun frá árinu 2014 kemur fram ábending um að endurskoða þurfi lengd matartíma og skoða þurfi betur hvernig mötuneytið uppfylli mannelismarkmið heilsueflandi framhaldsskóla t.d. með nýjum áherslum.²⁷

Í rýnihópum kom fram að verkefnið hefði farið vel af stað en það hafi nú „lekið út“ og sé „máttleysislega stýrt.“ Að sögn yfirstjórnar hafa skipti á stjórnenda verkefnisins dregið úr gæðum þess. Einnig hafi *Embætti landlæknis* ekki haldið nægilega vel utan um verkefnið.

2.3.7. Umhverfisstefna

Skólinn hefur ekki umhverfisstefnu en hefur unnið að ýmsum verkefnum því tengt s.s. flokkun sorps.²⁸

2.3.8. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt

Menntaskólinn á Ísafirði er ríkisrekinn skóli en er að sögn stjórnenda í ágætu samstarfi við Ísafjarðarbæ sem tilnefnir tvo fulltrúa í skólanefnd hans. Skólastefna Ísafjarðarbæjar var samþykkt 2011. Leiðarljós hennar eru gildin virðing, ábyrgð, metnaður og gleði og leggja þau línur stefnunnar. Helstu kaflar stefnunnar fjalla um nám og kennslu, umhverfi og skipulag, hollustu og hreyfingu, virðingu og lýðræði, fagmennska og fagþróun ásamt samstarfi og samvinnu.²⁹ Þá er skólinn í samstarfi við Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavík um rekstur á stafrænni smíðju *Fab Lab* (e. *Fabrication Laboratory*) sem gefur nemendum hans tækifæri á að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

2.4. Húsnæði og aðbúnaður

Skólinn er í 5.381 fm² húsnæði auk aðgangs að íþróttahúsi. Það skiptist í 2.950 fm² (55%) bóknámshús, 1.709 fm² (32%) heimavist og 722 fm² (13%) verknámshús. Skólinn hefur bókasafn sem ætlað er sem upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara vegna náms og kennslu. Á heimasíðu skólans kemur fram að safnið sé búið bókum, nýsigögnum og annars safnkosta sem tengjast kennslugreinum skólans. Lesaðstaða er fyrir 22 einstaklinga auk aðstöðu á safnsvæði. Einnig er aðgangur að tölvum.³⁰ Fram kom hjá flestum sem rætt var við

²⁶ Ársskýrsla skólans 2013.

²⁷ Þjónustukönnun 2014.

²⁸ Vísbendingar til undirbúnings ytri úttektar.

²⁹ Skólastefna Ísafjarðarbæjar.

³⁰ Heimasíða MÍ.

í úttektinni að húsnæðið og aðstaðan væri fullnægjandi og tölvubúnaður góður. Eina athugasemdin sem gerð var laut að gluggatjöldum sem ekki veittu næga vörn fyrir sól. Umsjónarmaður fasteigna sagði að yfirleitt væri framkvæmt það viðhald sem þyrfti og hann bæði um.

2.4.1. Eftirlit úttektaraðila

Vinnueftirlitið gerði úttekt á húsnæði og aðbúnaði skólans árið 2011. Úttektin leiddi í ljós ýmsa þætti sem mátti bæta. Skólinn sendi bréf til Vinnueftirlits Vestfjarða í nóvember 2011 þar sem farið var yfir úrbætur og útfærslur vegna athugasemda eftirlitsins.³¹ Að sögn stjórnenda eru nýrri eftirlitsskýrslur frá vinnueftirliti ekki til og engar eftirlitsskýrslur frá brunaeftirliti.

2.4.2. Öryggisnefnd skólans

Við skólann er öryggisnefnd og hana skipa skólameistari, náms- og starfsráðgjafi, húsvörður og kennari. Hlutverk nefndarinnar er fylgjast með því að hollustuhættir, aðbúnaður og öryggi sé í samræmi við vinnuverndarlög og að skipuleggja aðgerðir og fræðslu varðandi vinnuvernd.³² Nefndin lét gera áhættumat fyrir skólann sem að sögn stjórnenda hefur nýst skólanum vel.

2.5. Lög og reglugerðir

Miklar breytingar eru að verða á skólastarfi Menntaskólans á Ísafirði í kjölfar setningar laga um framhaldsskóla frá árinu 2008. Að sögn stjórnenda og kennara hefur verið mikil fagleg umræða í skólanum vegna vinnu við nýja skólanámskrá. Leiðsagnarmat hefur t.d. verið tekið upp og prófadögum fækkað. Stefnt sé að því að skólinn starfi samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá hausti 2015 en beðið sé eftir að *mennta- og menningarmálaráðuneytið* samþykki nýja áfanga. (Sjá nánar í kafla 2.3.1. og kafla 3).

2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins

Í kjölfar efnahagshrunsins varð rekstur erfiðari að sögn skólameistara. Námshópar voru stækkaðir, stöðugildum fækkað, m.a. var starf áfangastjóra lagt niður sem hafi aukið verulega álag á stjórnendur. Skólameistari segir auknar kröfur *mennta- og menningarmálaráðuneytis* til stjórnenda um að uppfylla alls kyns kröfur tímafrekar og verði til þess að sýn á hið eiginlega skólastarf daprist. Þá sé svigrúm til að vinna með kennurum nú lítið en yfistjórn segist sjá það aukast með nýju vinnumati.

³¹Bréf skólameistara til Vinnueftirlits Vestfjarða 10.11.2011.

³² Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

2.7. Námsbrautir

Þegar úttekt fór fram vorið 2015 voru við skólann skipulagðar 13 námsbrautir. Unnið hefur verið að nýjum bóknámsbrautum sem kenndar verða frá og með hausti 2015. Þær eru Félagsvísindabraut, Náttúruvísindabraut og Opin námsbraut þar sem lögð er áhersla á gott almennt nám. Brautinni lýkur með stúdentsprófi og er undirbúningur fyrir frekara nám, t.d. á sviði lista, íprótta, verklegra greina eða sérhæfingar í ákveðnum greinum. Þá er unnið að framhaldsskólabraut, braut um samfélagstúlkun og stuttri námsbraut um hlífðargassuðu sem er nú kennd í Fræðslumistöð Vestfjarða.³³

Námsframboð skólans fer eftir eftirspurn hverju sinni en vegna fárra nemenda hefur ekki alltaf verið hægt að bjóða allar brautir. T.d. eru Grunndeild bíliðna, Grunndeild bygginga- og mannvirkjagreina, Húsasmíði og Vélstjórnarnám B ekki kenndar skólárið 2014 - 2015 og grunndeild hár- og förðunargreina tvær annir í stað fjögurra. Hér á eftir verður fjallað nánar um hverja og eina braut eins og hún kemur fyrir í skólanámskrá 2014-2015.³⁴

2.7.1. Almenn námsbraut

Markmið brautarinnar er að undirbúa nemendur fyrir áframhaldandi nám í framhaldsskóla og lífið almennt. Lögð er áhersla á að hjálpa nemendum sem ekki halda áfram að öðlast ásættanleg skólalok.

2.7.2. Grunndeild bíliðna

Markmið brautarinnar er að veita nemendum almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í bíliðngreinum. Meðalnámstími er ein önn í skóla eða samtals 20 einingar.

2.7.3. Grunndeild bygginga- og mannvirkjagreina

Markmið brautarinnar er að veita nemendum almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í bygginga- og mannvirkjagreinum. Meðalnámstími er ein önn í skóla eða samtals 20 einingar.

2.7.4. Grunndeild hár- og förðunargreina

Markmið brautarinnar er að veita nemendum undirbúning fyrir náms í hár- og snyrtigreinum. Meðalnámstími eru fjórar annir í skóla eða samtals 70 einingar.

2.7.5. Grunnám málmiðngreina

Markmið brautarinnar er að veita nemendum almenna og faglega undirstöðumenntun til þess að takast á við sérnám til starfsréttinda í blikksmíði, rennismíði, stálsmíði eða vélvirkjun. Meðalnámstími er fjórar annir í skóla eða samtals 76 einingar.

³³ Upplýsingar frá MÍ maí 2015.

³⁴ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

2.7.6. Grunnám rafiðna

Markmið brautarinnar er að veita nemendum almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í rafiðngreinum. Meðalnámstími fjórar annir í skóla eða samtals 80 einingar.

2.7.7. Húsasmíði

Húsasmíði er löggilt iðnheiti og lýkur náminu með sveinsprófi. Meðalnámstími er átta annir að meðtöldu grunnámi bygginga- og mannvirkjagreina og 72 vikna starfsnámi. Námið er 172 einingar.

2.7.8. Sjúkraliðabraut

Markmið brautarinnar er að veita nemendum fræðilegan grunn og faglega verkþjálfun til þess að starfa á sjúkrastofnunum sem löggiltir sjúkraliðar. Meðalnámstími er sex annir í skóla og 16 vikna starfsþjálfun eða samtals 120 einingar.

2.7.9. Stálsmíðabraut

Stálsmíði er löggilt iðnheiti og lýkur náminu með sveinsprófi. Meðalnámstími er sex annir að meðtöldu grunnámi málmiðna og 60 vikna starfsnámi. Námið er 177 einingar.

2.7.10. Stúdentsprófsbrautir

Markmið félagsfræði- og náttúrufræðibrauta er að veita nemendum góða undirstöðu þekkingu í almennum bóklegum greinum og búa nemendur undir framhaldsnám í greinum sem byggjast á félags- eða náttúruvísindum. Meðalnámstími eru átta annir eða 140 einingar. Einnig býður skólinn upp á viðbótarnám til stúdentsprófs en það er ætlað einstaklingum sem hafa lokið skólanámi og starfsnámi. Markmið námsins er undirbúningur fyrir frekara nám á háskólastigi.

2.7.11. Vélstjórnarnám A

Markmið brautarinnar er að mennta þá sem hyggjast afla sér réttinda til starfa á skipum með vélarafli minna en 750 kW og sækjast ekki eftir frekara vélstjórnarnámi. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma og starfsþjálfun. Námið er 38 einingar.

2.7.12. Vélstjórnarnám B

Markmið brautarinnar er aðveita þeim nemendum sem ljúka námi réttindi til að gegna stöðu yfirvélstjóra og 1. vélstjóra á skipum með vélarafli 1500kW og minna og undirvélstjórar á skipum með 3000kW vélarafli og minna. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma og starfsþjálfun. Meðalnámstími er sex annir eða 126 einingar.

2.7.13. Vélvirkjabraut

Vélvirkjun er löggilt iðnheiti og lýkur náminu með sveinsprófi. Meðalnámstími er átta annir að loknu grunnámi málmiðna og 60 vikna starfsnámi. Námið er 179 einingar.

2.8. Mat úttektaraðila

- Menntaskólinn á Ísafirði leggur áherslu á að bjóða fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Skólinn hefur þá sérstöðu að hann er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum sem býður upp á verklegt nám og lokapróf úr framhaldsskóla.
- Horfur eru á nýnemum við skólann fækki áfram vegna brottflutnings fólks af svæðinu og fækkun grunnskólanemenda á næstu árum. Gera þarf áætlun til að bregðast við fækkuninni svo skólinn geti haldið áfram starfsemi sinni sem er upptökusvæði hans afar mikilvægt. T.d. gæti skólinn skapað sér enn frekari sérstöðu og eftt frekar rafrænt nám þannig að nemendur skólans komi sem víðast að.
- Skólinn hefur sett sér viðmið um 5 % brottfall. Í skólasamningi MÍ og mennta- og menningarmálaráðnueytisins 2015 er skilgreining á brottfalli: *Brotthvarf er miðað við fjölda nemenda sem innritast í áfanga eftir töflubreytingar og þá sem eru skrádir í próf.* Brottfall nemenda hefur verið nokkuð mismunandi eftir önnum. Skólinn hefur reynt að greina ástæður brottfalls og virðist sem verkfall vorið 2014 hafa haft þar áhrif svo og að margir þeirra sem sóttu A-nám skipstjórnar hafi ekki áttað sig á umfangi námsins og kvöðum. Þá virðist sem kvíði nemenda hafi aukist m.a. vegna aukins áreitis á samfélagsmiðlum og tölvufiknar. Í samantekt skólans koma fram að algengast væri að nemendur hættu vegna veikinda, vinnu eð áhugaleysis.
- Skólinn hefur leitast við að draga úr brottfalli með ýmsum aðgerðum, m.a. eflingu náms- og starfsráðgjafar, bættum kennsluháttum, sérstakri áherslu á leiðsagnarmat og með því að vísa nemendum á námskeið um hugræna atferlismeðferð. Úttektaraðilum sýnist að einnig mætti herða mætingareglur og fylgja viðurlögum við þeim betur eftir. Þá er ljóst að á upptökusvæði skólans skorti fleiri úrræði í sálfræði- og geðlæknisþjónustu til að þjóna nemendum hans. Mikilvægt er að leitað verði lausna þessum efnun. Úttektaðilar hafa fengið upplýsingar um svipaða stöðu sálfræði- og geðlæknisþjónustu í öðrum framhaldsskólum á landsbyggðinni.
- Til samanburðar skoðaði Hagstofa Íslands brottfall úr framhaldsskólum 2002 – 2003 og var það þá 19,3% miðað við öll kennsluform. Í úttekt á Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 2011 kom fram að brottfall þar var árin 2008 – 2011 á bilinu 3,6% - 5,3%, í úttekt á Verkmenntaskólanum á Akureyri sama ár kom fram að brottfall á sama tímabili var 8,7% - 10,3%. Í úttekt á Verkmenntaskóla Austurlands árið 2014 kom fram að var brottfall á bilinu 2 -6%, í úttekt á Fjölbrautaskólanum í Garðabæ árið 2013 kom fram að brottfall þar er um 1 – 2,3% og í úttekt á Menntaskólanum á Tröllaskaga 2014 ár er brottfall á bilinu 1 - 8%.²⁸ Ólíkar skilgreiningar eru til á

brottfalli og ætla má að þeir nemendur sem fara frá einum skóla í annan séu taldir til brottfallsnemenda í sumum tilvikum.

- Ekki eru allir kennarar skólans menntaðir á sínu fagsviði né hafa þeir allir full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Tæplega 40% kennara við skólann eru með meistaraþátt og um 22% með meistaraþátt. Sú sérstaða skólans að hafa þrátt fyrir smæð sína fjölbreytt námsval, gerir það að verkum að í sumum tilfellum kenna kennarar fleiri greinar en þeir eru menntaðir í. Skólinn reynir hins vegar með samstarfi við Fjarmenntaskólann.is og atvinnulífið, að uppfylla faglegar kröfur til kennara í framhaldsskóla. Mikilvægt er þó að leita frekari leiða til að fjölga kennurum með full réttindi.
- Skólinn hefur ekki skráð ferli fyrir móttöku nýrra kennara og ferlið og þjálfunin má vera mun markvissara og samræmdara.
- Skólinn er með endurmenntunarstefnu en formleg sí- og endurmenntunaráætlun er ekki til staðar og engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um hversu reglulega kennarar sækja endurmenntun. Mikilvægt er að unnið verði að henni. Framboð á endurmenntun kennara virðist að mestu nægjanlegt en virðist fara mikið eftir virkni fagfélaga. Ekki hefur að þeirra mati verið nægileg leiðsögn á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Þar sem munur er á framboði á endurmenntun á landsbyggð og höfuðborgarsvæði er mikilvægt að huga enn frekar að rafrænum leiðum. Skólinn og starfsmenn eru hvattir til að nýta enn frekar rafræna fræðslu og fjarfundabúnað og sækja í sjóði stéttarfélaga til sí- og endurmenntunar. Þá mætti skoða frekara samstarf við símenntunarmiðstöðvar, háskóla og fagfélög.
- Starfsmannasamtöl hafa verið síðastliðin ár fyrir utan vorönn 2014 vegna verkfalls. Framkvæmd hefur yfirleitt gengið vel en samtölunum má fylgja betur eftir. Starfsmannahandbók þarfnast endurskoðunar og að hún verði betur nýtt.
- Starfsmenn eru 36 í 34,6 stöðugildum. Starfsmannavelta er lítil og meðalstarfsaldur allra starfsmanna við skólann er 7,9 ár. Kennarar hafa að meðaltali um 8 ára reynslu af kennslu við skólann.
- Starfsánægja í MÍ árið 2015 er á svonefndu starfhæfu bili. Í rýnihópum var sú skoðun almenn að góður andi ríkti í skólanum.
- Skólinn hefur eineltisstefnu og viðbragðsáætlun, sjá nánar í kafla 6.2.
- Skólinn er með forvarnar- og heilsustefnu og tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* en því miður hafa skipti á stjórnenda verkefnisins dregið úr gæðum þess. Þar sem fram hefur komið að fleiri nemendur glíma við kvíða væri t.d. hægt að

nýta tæki verkefnisins til að takast á við þann vanda. Færri nemendur skólans neyta áfengis og annara vímuefna en hass en í öðrum framhaldsskólum en fleiri nemendur reykja eða hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina. Aðgerðir skólasamfélagsins og sveitarfélaganna þriggja á norðanverðum Vestfjörðum til að draga úr neyslunni eru til fyrirmyndar.

- Skólinn hefur jafnréttisstefnu og til stendur að vinna framkvæmdaáætlun. Kynjahlutfall starfsmanna er nokkuð ójafnt þ.e. 61% konur og 39% karlar. Skólinn er hvattur til að leita enn frekari leiða til að jafna þetta hlutfall. Í núverandi stjórnunarteymi skólans er kynjahlutfallið jafnt. Jafnréttisnefnd ályktaði 20. mars 2013 um að um brot á jafnræðisreglu sé að ræða við launaröðun vegna mats á meistaranámi í hárgreiðslu. Nefndin samþykkti að vísa málinu aftur til samstarfsnefndar sem ekki hefur verið gert. Afar mikilvægt er að mál þetta verði leitt til lykta sem fyrst.
- Húsnæði skólans og skólasafn fullnægja að mestu þörfum skólans.
- Við skólann er öryggisnefnd sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Vinnueftirlitið gerði síðast úttekt á húsnæði og aðbúnaði skólans árið 2011. Nýrri eftirlitsskýrslur frá vinnueftirliti eru ekki til og engar eftirlitsskýrslur frá brunaeftirliti. Mikilvægt er að eftirliti og úttektum sé sinnt reglulega sbr. lög.
- Í kjölfar efnahagshrunsins hefur þurft að gæta meira aðhalds í starfsemi skólans. Náms hópar voru stækkaðir, stöðugildum fækkað, m.a. var starf áfangastjóra lagt niður sem hafi aukið verulega álag á stjórnendur. Svigrúm til að vinna með kennurum minnkaði en vonir eru bundnar til nýtt vinnumat. Meta þarf hvort starf áfangastjóra verður tekið upp að nýju vegna mikil álags á stjórnendur.
- Í skólanum voru 13 námsbrautir skólaárið 2014-2015. 138 áfangar voru í boði á vorönn 2105, þar af voru 8 áfangar eingöngu sem fjarnámsáfangar.

3. SKÓLANÁMSKRÁ

Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skólanámskrár skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kys að kveða á um í skólanámskrá. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Um setningu námsbrautarlýsinga í skólanámskrá skal farið að ákvæðum 23. gr. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.³⁵

Unnið hefur verið að innleiðingu nýrrar námskrár undanfarin ár og bóknámsbrautir eru tilbúnar og hafa verið sendar til mennta- og menningarmálaráðuneytis til staðfestingar. Skólanámskráin er birt í heild sinni á vefsíðu skólans. Gert er ráð fyrir að kennsla skv. nýjum brauta- og áfangalýsingum hefjist haustið 2015.³⁶ Að sögn yfirstjórnar er námskráin endurskoðuð reglulega, kennarar hafi komið að mótun námskrárinnar og leitað hafi verið til nemenda á skólafundi vorið 2012. Námskráin hefur verið kynnt í skólanefnd. Í skólanámskrá 2014 – 2015 er fjallað um sögu skólans, húsnæði, hlutverk, markmið og stefnur skólans, mannaúð, öryggismál, viðbragðsáætlanir, verkferla, ýmsar almennar upplýsingar s.s. inntökuskilyrði og skólagjöld, nám og kennslu, skólareglur, námsmat o.fl.³⁷

3.1. Endurskoðun skólanámskrár

Í upphafi skólaársins 2009 - 2010 ákvað ráðuneytið að fresta gildistöku framhaldsskólalaga til hausts 2015 í stað 2011 vegna slæms efnahagsástands í íslensku samfélagi. Við það kom hik á marga skóla. Endurskoðun skólanámskrár MÍ út frá nýrri aðalnámskrá er vel á veg komin að sögn yfirstjórnar. Frá því að ný lög voru sett hefur námskráin verið til umræðu og vinnslu í skólanum. Námskrárstjóri í hálfu starfi hefur stýrt vinnunni og hefur hann sótt sérstakt nám þar að lútandi. Fyrsti almenni námskrárfundurinn var haldinn 25. september 2008. Vinnuhópar hafa síðan unnið að því að bæta innra starf skólans og kennsluhætti og breyta námsmati með aðaláherslu á leiðsagnarmat frá árinu 2010. M.a hefur kennsludögum fjölgað og prófdögum fækkað. Breytingarnar hafa verið unnar í sameiningu af kennurum skólans. Nokkurt samstarf hefur verið um námskrárvinnuna við *Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Fjölbrautaskóla Vesturlands og Verkmenntaskóla Austurlands*.

Skólaárið 2013-2014 fékk skólinn styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að innleiða nýja námskrá. Vinnuhópur var settur á laggirnar á haustdögum 2013. Í

³⁵ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 22.gr.

³⁶ Viðbótarupplýsingar frá námskrárstjóra apríl 2015.

³⁷ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

honum sitja námskrárstjóri, sviðstjóri í íslensku og enskukennari. Haldnir voru fundir með stjórnendum MÍ um allar helstu ákvarðanir sem teknar voru og námskrárstjóri situr einnig í stjórnendateymi með skólameistara, aðstoðarskólameistara og fjármálastjóra. Að sögn yfirstjórnar og námskrárstjóra voru kennarar með í ráðum allan tímann og að ýmsar breytingartillögur hafi komið fram á meðan ferlinu stóð. Yfirstjórn segir kennara strax hafa verið jákvæða, haft hafi verið samráð við þá, boðið upp á fræðslu og enginn skikkaður í vinnu. Hver kennari skrifar sína áfanga í samvinnu við sviðsstjóra. Í rýnihópum kennara kom fram það viðhorf að að þeirra mati hafi verið mikill hringlandaháttur frá ráðuneytinu sem hafi staðið sig illa í innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Fyrst hafi ýmislegt verið mjög opið, síðan þrengra og svo hafi margt orðið óljóst. Vinnubrögð hafi verið ómarkviss og ekki þekking á vinnu í framhaldskólum.

Fram kom bæði hjá kennurum og námskrárstjóra að skólameistari hafi ekki haft þá faglegu forystu í námskrárvinnunni sem hann ætti að hafa. Mikið álag sé á skólameistara og aðstoðarskólameistara m.a. þar sem áfangastjóri sé ekki til staðar og forgangsröðun vegna niðurskurðar verið tímafrek. Þá hefði mátt hafa meira samráð um ýmis atriði. Ekki væri t.d. sátt um að taka út 80% viðmið um mætingu í nýrri námskrá. Um mætingarnar þurfi að ná sátt. Að sögn yfirstjórnar var 80% viðmið ítrekað rætt á kennarafundum og ákvörðun tekin um að fella þetta út á kennarafundi í maí 2009. Þetta hafi ekki verið hluti af vinnu við nýja námskrá og hafi ekki verið inni í skólanámskrá frá hausti 2009.

Í Vísbendingum til undirbúnings úttektar segir: *Endurskoðun hefur ekki verið markviss og samráð skortir.* Þar kemur einnig fram að fækkun í stjórnunarteymi hafi ekki verið til góðs þegar litið er til faglegs starfs og gert skólameistara erfitt fyrir að gegna því faglega leiðtoga hlutverki sem ætlast er til. Margir, sem rætt var við í úttektinni, nefndu einnig að niðurskurður sem hefði leitt til fækkunar í stjórnun hefði haft neikvæð áhrif á faglegt starf skólans.

Námskrárhópurinn ásamt stjórnendum lagði til að við skólann verði þrjár stúdentsprófsbrautir, Félagsvísindabraut, Náttúruvísindabraut og Opin braut. Brautirnar verða 200 feiningar. 95 feiningar í sameiginlegum kjarna fyrir báðar brautir, 45 feininga brautarkjarni, og 50 feininga frjálst val. Tillögur að skipulagi námsbrautanna voru kynntar á almennum kennarafundi í febrúar 2014 og þær samþykktar en smávægileg breytingartillaga kom síðar fram sem samþykkt var á kennarafundi í maí. Áætlað er að haustið 2015 verði byrjað að kenna eftir nýrri námskrá. Allir áfangar eru nú komnir í gagnagrunn *mennta- og menningarmálaráðuneytis* og bíða þar samþykktar.³⁸ Að sögn fulltrúa í skólanefnd hefur nefndin velt upp ýmsum hugmyndum í tengslum við

³⁸ Áfangaskýrsla námskrárstjóra 2014.

námskrárvinnuna, t.d. um samstarf við atvinnulífið og nefndin hefur fengið umbótaáætlanir skólans en ekki séð áfangalýsingar.³⁹

3.1.1. Grunnþættir menntunar

Haustið 2011 gerðu þrír nemendur í áfanganum *Grunnþættir menntunar og framhaldsskólustarf* á menntavísindasviði Háskóla Íslands greiningu á að hvaða leiti þær hugmyndir sem birtast í skrifaðri og óskrifaðri stefnu skólans taki mið af grunnþáttum menntunar. Niðurstöður skýrslunnar eru þær að stefna skólans þyrfti að taka mið af grunnþáttum menntunar á markvissari hátt. *Með útgáfu almenns hluta aðalnámskrár 2011 teljum við að komnar séu forsendur fyrir því að endurskoða skólanámskrána og þar með móta stefnu skólans með tilliti til grunnþátta menntunar.*⁴⁰ Grunnþættirnir eru lýðræði og mannréttindi (sjá kafla 5.3), jafnrétti (sjá kafla 2.3.2 og 6.4) skapandi starf, menntun til sjálfbærni (sjá kafla 2.3.5), læsi í víðasta skilningi (sjá kafla 5.2) og heilbrigði og velferð (sjá kafla 6.1). Námskrárnefnd og kennarar hafa að undanfögnu unnið nýjar brautalýsingar og áfangalýsingar skv. kröfum nýrrar námskrár um grunnþætti menntunar og kröfum um lykilhæfni.⁴¹

3.2. Tengsl skólastiga

*Fyrsta hæfniþrep framhaldsskólans skarast á við unglíngastig grunnskólans á þann hátt að lýsing á fyrsta hæfniþrepi framhaldsskólans er jafnframt lýsing á þeirri hæfni sem stefnt er að við lok grunnskóla.*⁴²

*Fjórða þrepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun*⁴³.

Skólameistari segir nokkurt samstarf við grunnskóla en misjafnt hve starfsmenn séu spenntir fyrir því. Náms- og starfsráðgjafar heimsækja alla grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum á vorönn og hafa einnig tekið þátt í kynningu framhaldsskólanna á höfðuðborgarsvæðinu. Nemendur grunnskólanna koma einnig í heimsókn í skólann. Stjórnendur MÍ hafa verið í leshópi með grunnskólastjórnendum á svæðinu þar sem m.a. hafa verið lesnar bækur um stjórnun og málin rædd.

Skólinn er aðili að *Fjarmenntaskólanum* sem er samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið Fjarmenntaskólans er m.a. að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Með samstarfinu geta

³⁹ Vísbendingar til undirbúnings ytri úttektar.

⁴⁰ Verkefni I – Stefna Menntaskólans á Ísafirði.

⁴¹ Vísbendingar til undirbúnings ytri úttektar.

⁴² Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:48

⁴³ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:49

nemendur skólans t.d. stundað nám í áföngum sem hann sjálfur getur ekki boðið. Að sögn stjórnenda og kennara er samstarf sem þetta afar mikilvægt fyrir lítinn skóla eins og þeirra.

Háskólarnir hafa allir komið með kynningar í skólann á sérstökum háskóladegi en ekki er formlegt samstarf við þá. Einstaka kennarar hafa verið í samstarfi við *Háskólasetur Vestfjarða* og fengið kynningar þaðan, m.a. um haf-og strandfræði. Ekki er fjallað um tengsl skólans við aðra skóla og stofnanir í nærsamfélaginu í skólanámskrá.

3.3. Námsmat

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Matið byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá. Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati er liggur að baki lokaekinnun í námsáfanga innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar.⁴⁴

Í skólanámskrá segir að:

Tilgangur námsmats er að kanna að hve miklu leyti nemandi hefur tileinkað sé markmið skólanámskrár MÍ. Kennarar bera ábyrgð á námsmati og þeir meta úrlausnir nemenda. Námsmat getur farið fram með mismunandi hætti efir ákvörðun kennara og fer það eftir edli greina og uppbyggingu áfanga hverju sinni. Við lok hvers áfanga er gefin einkunn í heilum tölum á bilinu 1-10. Einkunnir geta byggst á frammistöðu í kennslustundum, skilum og mati á verkefnum og lokaprófi.⁴⁵

Í skólanámskrá 2014-2015 kemur fram að í flestum áföngum skólans sé stuðst við leiðsagnarmat. Að sögn stjórnenda og kennara hefur skólinn markað sér stefnu um að námsmat skólans sé leiðsagnarmat sjá kafla 2.3.2. Það feli í sér að öll vinna og skólasókn nemenda sé höfð til hliðsjónar en ýmist sé lokapróf eða ekki í slíku mati.⁴⁶ Skólinn hefur unnið að því að innleiða leiðsagnarmatið síðan árið 2010 en þá var ráðinn verkefnastjóri og stofnaður vinnuhópur. Hópurinn starfar ekki lengur og enginn formlegur verkefnastjóri er nú yfir verkefninu. *Brotalöm er á kynningu á markmiði með innleiðingu leiðsagnarmats til nýrra kennara.⁴⁷* Þessi brotalöm fékkst staðfest í rýnihópi kennara þar sem einnig kom fram að skilgreina þurfi leiðsagnarmatið betur.

Í nýjum áfangalýsingum er fjallað um námsmat. Í skólanámskrá kemur fram að hverri önn sé skipt niður í þrjár námslotur. Eftir hverja lotu fái nemendur undir 18 ára aldri sent heim lotumat, sjá töflu 9.

⁴⁴ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla 30.gr.

⁴⁵ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

⁴⁶ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

⁴⁷ Vísbandingar til undirbúnings ytra mats.

Tafla 9. Lotumat nemenda undir 18. ára aldri.

Einkunn	Mat
A	Ágætt. Nám í afar góðum farvegi, nemandi hefur staðið sig vel bæði í verkefnum og á prófum.
G	Gott. Nám í góðum farvegi, nemandi hefur staðið sig þokkalega bæði í verkefnum og á prófum.
S	Sæmilegt. Nemandi þarf að bæta námsvinnu.
O	Óviðunandi. Námsvinnu verulega ábótavant og stefnir í óefni.


Að sögn yfirstjórnar hefur lotumat þrisvar á önn aukið verulega álag á kennara og nemendur og var tekið undir það í þeirra hópi. Matinu verður því breytt þannig að einungis verður um miðannarmat að ræða.

Í áfangalýsingum eru skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni sbr. nýja aðalnámskrá og gerð grein fyrir námsmati.⁴⁸

3.3.1. Árangur og einkunnir

Mynd 2 sýnir einkunnadreifingu anna frá vorönn 2008 til vorannar 2014. Þar sést að meðaleinkunn anna hefur verið lægst 6,4 á vorönn 2014 en hæst 7,2 á vorönn og haustönn 2010. Í sjálfsmatsskýrslu 2013 – 2014 segir að ekki sé ósennilegt að lág meðaleinkunn á vorönn 2014 sé vegna verkfalls kennara. Fram kom í rýnihópi kennara að taka þyrfti saman árangur eftir greinum og kanna betur afdrif nemenda í háskóla.

Mynd 2. Einkunnadreifing anna frá 2008.



⁴⁸ Starfslýsingar frá skóla.

3.4. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá er á heimasíðu skólans og þar er að finna ítarlegar upplýsingar. Endurskoðun námskrárinnar hófst 2008 og stefnt er að því að kenna skv. nýrri námskrá haustið 2015. Ráðinn var námskrárstjóri í 50% starf til að stýra vinnunni. Margir hafa komið að endurskoðuninni sbr. lög um framhaldsskóla og aðalnámskrá en svo virðist sem fækkun í stjórnendateyminu og niðurskurður hafi haft áhrif á faglega forystu og framgang verkefnisins sem hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Þá kemur fram hjá kennurum að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði mátt standa betur að stuðningi við þá. Að mati úttektaraðila mætti virkja nemendur enn frekar við útfærslu kennslunnar svo og leita til áhugasamra foreldra um ýmsa þætti skólastarfsins.
- Námsmat skólans er fjölbreytt og unnið hefur verið að innleiðingu leiðsagnarmats síðan 2010. Skilgreina þarf matið betur og fylgja eftir. Í nýrri skólanámskrá er stefna um námsmat og í áfangalýsingum, sem taka gildi haustið 2015, eru skilgreind markmið um þekkingu, leikni og hæfni sbr. nýja aðalnámskrá og gerð grein fyrir grunnþáttum menntunar.
- Umtalsverður munur er á meðaleinkunn þar sem hún er hæst og lægst 2008-2014. Verkfall virðist hafa haft áhrif til lægri einkunna vorið 2014.
- Taka þyrfti saman árangur eftir greinum og æskilegt væri að skoða hvaða áhrif símat í námsgreinum hefur á áframhaldandi nám nemenda og kanna afdrif nemenda skólans í framhaldsnámi enn frekar.
- Samstarf skólans við grunnskóla sveitarfélagsins og svæðisins er nokkurt og leshópur stjórnenda MÍ og grunnskólastjórnenda á svæðinu er athyglisvert framtak
- Samstarf skólans við Fjarmenntaskólann.is er mikið. Slíkt samstarf eykur möguleika fámennra skóla umtalsvert á að uppfylla aðalnámskrá.
- Samstarf við háskóla mætti auka en þetta samstarf verður æ mikilvægara að teknu tilliti til hæfniprepa í nýrri aðalnámskrá. Samstarf skólans við Háskólasetur Vestfjarða mætti vera formfastara en nú er það undir hverjum og einum kennara komið.

4. STJÓRNUN OG REKSTUR

Rekstur skólans er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í stjórnendateymi skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri og námskrárstjóri. Skólameistari er yfirmaður allra starfsmanna skólans og er ábyrgur fyrir innra starfi hans.⁴⁹ Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara. Núverandi skólameistari hefur stjórnað skólanum frá því haustið 2007 en starfað við skólann frá hausti 1987, var í launalausú leyfi frá hausti 2003 en kom aftur til starfa sem kennari haustið 2005 og síðan sem aðstoðarskólameistari 2006-2007. Aðstoðarskólameistari hefur starfað við skólann frá 2002, og við stjórnun frá 2007. Fjármálastjóri í afleysingum 2014-2015 hefur starfað við skólann frá árinu 1999, var áfangastjóri 2006-2009, en tók við starfi fjármálastjóra í ágúst 2014. Námskrárstjóri hefur starfað frá árinu 2008. Í stjórnendateyminu, sem fundar vikulega eru nú 25% karlar og 75% konur. Kynjahlutfall sjö sviðsstjóra er 57% karlar og 43% konur.

Niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins* gefa innsýn í viðhorf starfsmanna til stjórnunar skólans en þátturinn trúverðugleiki stjórnenda mældist 2015 að meðaltali 3,57 sem er á svonefndu aðgerðabili <3,7. Árið 2013 mældist hann 3,82 sem er á starfhæfu bili 3,7 til 4,2. Meðaltal allra stofnana árið 2015 fyrir trúverðugleika stjórnenda er 3,79 en var 2013 3,83. Þátttaka skólans í könnuninni árið 2014 var það lítil að niðurstöður voru ekki birtar. Í þjónustukönnun sem lögð var fyrir nemendur í nóvember 2014 kemur fram að stjórnendateymi skólans þurfi að vera sýnilegra meðal nemenda og auka megi óformleg samskipti þess við nemendur. Einnig mætti standa betur að kynningu fyrir nýnema varðandi stjórnendur, starfsmenn og skrifstofusvæðið.⁵⁰ Í vísbendingum til undirbúnings ytri úttektar kemur fram að stefnumörkun, boðleiðir og ákvarðanataka þurfi að vera skýrari og markvissari og að auka mætti formlegar kannanir meðal starfsmanna í tengslum við stjórnun og skipulag. Að sögn yfirstjórnar hefur fram til þessa verið mikil tregða hjá starfsmönnum að svara könnunum t.d. um *Stofnun ársins* þrátt fyrir ítrekaða hvatningu skólameistara. Eftir mikla hvatningarherferð skólameistara og sjálfsmatsnefndar var mun betri þátttaka í *Stofnun ársins* 2015.

Í vísbendingum til undirbúnings ytri úttektar er fjallað um faglegt leiðtogahlutverk skólameistara og að niðurskurður á fjármagni til framhaldsskóla hafi gert skólameistara erfitt fyrir að gegna því faglega leiðtoga hlutverki sem ætlast er til skv. lögum um framhaldsskóla. Fækkun í stjórnendateymi hafi ekki verið til góðs þegar litið er til faglegs

⁴⁹ Reglugerð um starfslid og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007

⁵⁰ Þjónustukönnun 2014.

starfs. Traust á stjórnendum og samstarf við stefnumótun skólans er samkvæmt vísbendingunum nokkuð misjafnt sem sýnir að stjórnendur eiga verk að vinna.⁵¹

Í rýnihópi starfsmanna og kennara staðfestist það sem að ofan greinir. Einnig kom fram að stjórnendur væru þægilegir og aðgengilegir og alltaf hægt að leita til þeirra. Mikið væri að gera hjá stjórnendum en stjórnunin mætti vera markvissari og meiri eftirfylgni. Starfsmenn, aðrir en kennarar sögðu að virkja mætti starfsmenn betur. Það viðhorf kom fram í rýnihópi nemenda að stjórnun mætti vera „harðari“ m.t.t. til aga og þeir vildu vera meira með í ákvörðunum, t.d. um afnám busavígslu.

Á heimasíðu skólans eru ársskýrslur skólans frá árinu 2003 til ársins 2013, að undanskildum árunum 2004, 2005 og 2008. Í ársskýrslu skólans frá 2014 er fjallað um stefnu, framkvæmd markmiða samkvæmt skólasamningi, sjálfsmat, nemendafjölda, námsframboð, starfsmannahald, fjármál og rekstur, forvarnarstarf o.fl. Þar kemur m.a. fram að skólinn hefur verið í vinnu við að uppfylla markmið sem sett eru fram í skólasamningi og að flest þeirra markmiða endurspeglar í umbótaáætlun sjálfsmats frá skólaárinu 2012-2013.⁵² Samkvæmt ársskýrslu skólans 2014 voru fjármál skólans í nokkuð góðu samræmi við áætlun. Í skýrslunni kemur fram að tekjur hafi orðið umfram áætlun vegna kennslugjalda af skipstjórnarkennslu og rekstrarafgangur um 10 milljón kr.⁵³

4.1. Stjórnskipulag og skipurit

Skipurit skólans er á heimasíðu hans og er þar greint frá ábyrgðaskiptingu myndrænt. Ítarlegri ábyrgðaskipting er í skólanámskrá. Í rýnihópum kom fram að ábyrgð stjórnenda og verkaskipting þeirra væri ekki alltaf ljós. Verkferlar væru almennt skýrir en eftirfylgni væri oft ábótavant. Farvegur um agamál væri óljós og beitt væri mismunandi viðurlögum við brotum á skólareglum. Yfirstjórn segist telja viðurlög við brotum á skólareglum skýr og hafa verið endurskoðuð í vinnu við nýja námskrá og samþykkt í nóvember 2013. Haldnir eru vikulegir fundir með námsráðgjöfum og stjórnendum þar sem öll brot á skólareglum og viðbrögð við þeim brotum eru rædd. Einstaka mál rati inn í skólaráð ef þau eru mjög alvarleg.

4.1.1. Skólaráð

Núverandi skólaráð var skipað árið 2014. Það skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, tveir fulltrúar kennara og tveir fulltrúar nemenda. Hlutverk skólaráðs er *að vera skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar um stjórn skólans, fjalla um starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar, fjalla um skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda, veita umsögn um erindi frá skólanefnd, almennum kennarafundi,*

⁵¹ Vísbendingar til undirbúnings ytri úttekta.

⁵² Ársskýrsla 2014.

⁵³ Ársskýrsla 2013.

*nemendaráði, einstaklingum, skólameistara og menntamálaráðuneytinu sé þess óskað og fjalla um mál sem varða einstaka nemendur og farið með þau sem trúnaðarmál.*⁵⁴

Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar á innra drifi skólans⁵⁵ en skv. þeim þá hefur ráðið komið saman átta sinnum á skólaárinu 2014 - 2015. Á þeim fundum var m.a. rætt um fjárhagsstöðu skólans, fyrirkomulag prófa, nemendafélag, skóladagatal, umbótaáætlun, undanþágur frá skólasóknarreglum, tillögur um skólareglur samþykktar o.fl.⁵⁶ Hjá stjórnendum kom fram að fulltrúar nemenda hafi verið virkir í skólaráði og í ráðinu hafi mest verið fjallað um málefni nemenda.

Í fundargerð skólaráðs 12. febrúar 2014 kemur fram að fulltrúi kennara í ráðinu lagði fram fyrirspurn um hlutverk ráðsins og hvers vegna svo mikill tími þess fari í að aðstoða nemendaráð við að skipuleggja félagslíf nemenda og hvort ekki sé annar vettvangur fyrir fundi með nemendaráði, félagsmálafulltrúa og stjórnendum. Þá segist hann vilja að mætingar nemenda séu ræddar í skólaráði. Samþykkt var að stjórnendur skoði málin. Umræða um mætingar var aftur tekin upp á fundi í maí 2014. Skv. yfirstjórn eru þessi mál tekin fyrir í ráðinu í þeim tilfellum sem um alvarleg brot á skólareglum er að ræða. 80% viðmið um mætingu var tekið út úr skólanámskrá árið 2009 (sjá kafla 3.1)

4.1.2. Skólanefnd

Skólanefnd var skipuð árið 2013 af mennta- og menningarmálaráðherra til fjögurra ára. Í nefndinni eru fimm fulltrúar. Þrír fulltrúar sem búsettir eru í sveitarfélaginu og valdir án tilnefningar. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af sveitarstjórn. Varamenn eru valdir með sama hætti. Þá sitja tveir fulltrúar í nefndinni sem áheyrnarfulltrúar til eins árs í senn, fulltrúi kennara tilnefndur af kennurum og fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendafélaginu skólans. Nefndin kýs formann til eins árs og stýrir skólameistari kjöri hans á fyrsta fundi hvers árs.⁵⁷

Hlutverk skólanefndar er að *marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf, vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla, staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar, veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar, vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr., vera skólameistara til samráðs um*

⁵⁴ Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997: 2.gr.

⁵⁵ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

⁵⁶ Gögn frá skóla.

⁵⁷ Reglugerð um skólanefndir framhaldsskóla nr. 132/1997

*samninga sem viðkomandi skóli gerir, vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál, veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.*⁵⁸

Fundargerðir skólanefndar eru á innra drifi skólans.⁵⁹ Skv. þeim hefur m.a. verið fjallað um hlutverk og helstu áherslur skólans, fjárhagsáætlun, ársskýrslu, ársreikninga, skóladagatal, starfsmannahald, þróunarstarf, samstarf skólans, skólasamning, skólanámskrá o.fl. Skv. fundargerðum kom skólanefnd fjórum sinnum saman skólaárið 2013-2014 og hefur komið saman tvisvar sinnum á núverandi skólaári.⁶⁰ Á fundi með yfirstjórn kom fram að nefndin sé virk í mótun skólans og að skólameistari eigi í góðu sambandi við formanninn og leiti oft til hans. Skólameistari segist hins vegar mjög óánægður með að fulltrúi í skólanefndinni sé utan upptökusvæðis skólans eins og það er skilgreint af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Á fundi með fulltrúum skólanefndar kom fram að nefndin hefði komið að ýmsum málum og m.a. velt upp ýmsum hugmyndum og komið með tillögur um samstarf við atvinnulífið en allur gangur hafi verið á því hvað hafi verið framkvæmt. Samstarf við skólastjórnendur hafi verið nokkuð gott og nefndin hafi fylgst með vinnu við skólanámskrá. Fulltrúarnir sögðust hræddir um stöðu skólans vegna fækkunar nemenda í grunnskólum á upptökusvæði skólans. Slíkt skekki alla mynd um jafnrétti til náms. Nefndin hefur óskað eftir fundum með þingmönnum umdæmisins um framtíðarstöðu skólans.

4.2. Ákvarðanataka

Starfsmenn og nemendur hafa formlega aðkomu að stjórnun skólans í gegnum skólanefnd og skólaráð. Fram kom í rýnihópum þeirra að almennt væri góður aðgangur að stjórnendum. Yfirleitt væri tekið vel í tillögur og ábendingar en misjafnt væri hve skilvirk ákvarðanatakan væri. Meira samráð mætti vera bæði við nemendur og starfsmenn um ákvarðanir.

4.3. Nemendafélag

Við skólann er nemendafélag. Nemendafélag framhaldsskóla skal m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.⁶¹ Fulltrúar félagsins eru valdir með kosningu en stjórn þess skipa formaður, gjaldkeri, ritari, sprellikall, menningarviti, málfinnur og formaður leikfélagsins. Formaðurinn er fulltrúi nemenda í skólaráði og skólanefnd. Starf félagsins felur m.a. í sér að skipuleggja félagsstarf nemenda (sjá nánar í kafla 6.3). Í vísbindingum til undirbúnings ytri úttektar kemur fram að gott samstarf sé við stjórnendur skólans, félagsmálafulltrúi starfi náði með nemendaráði og einnig veiti fjármálafulltrúi þeim

⁵⁸ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

⁵⁹ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

⁶⁰ Gögn frá skóla.

⁶¹ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

aðstoð og stuðning en að nokkuð virðist skorta á samstarf við nemendur.⁶²

4. 4. Mat úttektaraðila

- Í könnuninni *Stofnun ársins* 2015 mældist þátturinn trúverðugleiki stjórnenda á svonefndu aðgerðabili <3,7. Tekið er undir það, sem fram kemur í vísbendingum til undirbúnings ytra mats, að stefnumörkun, boðleiðir og ákvarðanatataka þurfi að vera skýrari og markvissari en jafnframt að fylgja megi betur eftir ákvörðunum um agamál og auka þar samráð við starfsmenn og nemendur. Ljóst þykir að hvorki virðist ríkja sátt um að 80% mætingaskylda hafi verið tekin út 2009 né vera sameiginlegur skilningur stjórnenda, kennara og nemenda á þeim mætingareglum sem nú eru í reglum skólans. Svo virðist sem samræma þurfi og fylgja enn betur eftir hvernig viðurlögum er beitt. Lagt er til að þessi mál verði tekin til endurskoðunar.
- Skipurit skólans er á heimasíðu hans en þar er greint frá ábyrgðarskiptingu sem er enn ítarlegri í starfslýsingum í skólanámskrá. Skipuritið virðist henta stærð skólans og verkefnum hans að mestu leyti en skoða ætti hvort ráða eigi áfangastjóra að nýju. Mikið vinnuálag er á stjórnendum þar sem sambærileg verkefni þarf að inna af hendi við litla skóla jafnt sem stóra.
- Verkferlar eru almennt skýrir og ýmis gögn sem varða stjórnun skólans eru aðgengileg á vef hans sem er almennt auðveldur í notkun og vel uppsettur.
- Í núverandi stjórnendateymi er kynjahlutfall 25% karlar og 75% konur en ráðið verður í stöðu fjármálastjóra fyrir næsta skólaár sem gefur færi á að jafna það hlutfall. Kynjahlutfall sjö sviðsstjóra er 57% karlar og 43% konur.
- Skólanefnd hefur verið virk, fundar reglulega, er m.a. samráðsaðili skólameistara, vel upplýst um skólastarfið og á aðkomu að ýmsum málum.
- Skólaráð virðist enn vera í mótun og hefur fram að þessu fjallað mest um málefni nemenda, m.a. félagslíf. Mikilvægt er að ráðið gegni hlutverki sínu lögum samkvæmt en þannig ættu nemendur að koma meiri að stjórnun skólans.
- Nemendafélag skólans er virkt og stendur fyrir fjölmörgum viðburðum.
- Skólinn skilaði rekstrarafgangi árið 2014.
- Skýrt kom fram hjá stjórnendum og skólanefnd og almennt í úttektinni hversu mikilvægur skólinn er samfélögunum sem hann tengist og styrkir sjálfsmýnd þeirra. Skólinn hefur laðað að menntað fólk, hækkað menntunarstig í samfélaginu og hefur tekist vel upp með samstarf við atvinnulíf og einstaklinga á svæðinu. Þá sparar skóli í heimabyggð fjölskyldum mikil fjárútlát.

⁶² Vísbendingar til undirbúnings ytri úttektar.

5. NÁM OG KENNSLA

5.1. Fjölbreytni

Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni.⁶³

Í skólanámskrá MÍ kemur fram að hlutverk skólans sé m.a. að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Bóðið er upp á verknám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs.

Námsframboð skólans er bæði skv. nýrri skólanámskrá, í samræmi við lög frá 2008 og aðalnámskrá 2011, svo og eldri námskrá. Stefnt er að allir nýnemar í bóklegu námi hefji nám samkvæmt nýju námsframboði haustið 2015 og að eldri námskrá verði þá fallin úr gildi. Áfangar sem í boði voru haustið 2014 voru 132 þar af 6 í dreifnámi en enginn í kvöldskóla. Vorið 2015 eru í boði 127 áfangar þar af 7 í dreifnámi en enginn í kvöldskóla. Skólinn er í samstarfi við aðra framhaldsskóla um fjarnám, *Fjarmenntaskólinn.is*, en að honum standa tólf skólar á landsbyggðinni. Í ársskýrslu skólans 2013 kemur fram að með þessu samstarfi opnast leiðir fyrir skólann til að veita nemendum aukið námsframboð. Einnig hefur skólinn nýsköpunarsmiðju, *Guðmundarsmiðju*, sem var formlega opnuð í byrjun árs 2013. Fram kemur í ársskýrslu skólans 2013 að með þessari aðstöðu opnast miklir möguleikar til að veita nemendum nám við hæfi og um leið mun nýsköpunar- og frumkvöðlamenntun eflast. Líklegt er að *Guðmundarsmiðja* verði einn af helstu vaxtarsprotum í atvinnulífi.⁶⁴

Í áfangamati sem lagt var fyrir nemendur í félagsgreinum og erlendum tungumálum haustið 2013 kemur fram að 54% svarenda eru sammála því að kennarinn noti fjölbreytilegar kennsluaðferðir en 21% eru því ósammála.⁶⁵ Í rýnihópi nemenda í janúar 2015, í tengslum við vísbendingar vegna undirbúnings ytra mats, kom fram að almennt teldu nemendur kennsluhætti hafa orðið fjölbreyttari undanfarið og það hafi góð áhrif á þá. Námsálag hafi þó aukist með nýjum kennsluháttum, gæta þurfi að skipulagi, endurskoða þurfi lotumat og gæta jafnræðis í matinu, skerpa þurfi á kennsluháttum og mati o.fl.⁶⁶ Fram kom meðal nemenda og kennara sem rætt var við í úttektinni að kennsluhættir væru nú orðnir fjölbreyttari en það væri misjafnt eftir kennurum. Nemendur nefndu dæmi um námskeið í ólíkum áföngum þar sem kennsluefnið væri nánast það sama.

Í rúma tvo áratugi hefur verið lögð megináhersla meðal stjórnenda skólans á að auka vægi verknáms og tæknigreina. Í ársskýrslu skólans 2013 kemur fram að sú vinna hafi

⁶³ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:29

⁶⁴ Ársskýrsla skólans 2013.

⁶⁵ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

⁶⁶ Rýnihópur nemenda janúar 2015 – Sjálfsmatshópur.

skilað þeim árangri að skólaárið 2008-2009 hafi um þriðjungur nemenda stundað nám í verk- og tæknigreinum. Árið 2013 hafi þetta hlutfall fallið niður í 20%. Fram koma áhyggjur stjórnenda af þróun mála og benda á skýrslu starfshóps sem bendi á að þessi staða leiði til skorts á vinnuafli með verk- og tæknimenntun. Einnig hafi skólinn átt erfitt með að fá verknámskennara til starfa vegna skorts á tæknimenntuðu fólki.⁶⁷ Fram kom í máli allra rýnihópa og stjórnenda að stærð skólans takmarki námsval hans.

5.2. Kennsluhættir

Í stefnu skólans er fjallað um ýmsa þætti er varða nám og kennslu m.a. fjölbreytni, kennsluhætti, samfellda, markvissa, hæfilega sérhæfingu, að stuðlað sé að alhliða þroska, að efla nemendur sem virka þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi o.fl. Sjá nánar í kafla 2.3.

Hjá kennurum kom fram að kennsluhættir í skólanum væru fjölbreyttir og í sífelldri þróun og að auðvelt að koma nýjum hugmyndum í framkvæmd. Vísindadagar væru dæmi um slíkt, fjölbreyttar aðferðir við verkefnaskil, s.s. leikrit, tilraunir með vendikennslu (e. *Flipped Classroom*) alls konar hópvinna, vettvangsferðir og kynningar. Þá gæfi *FABLAB*, stafræn smiðja (sjá kafla 8.2), mikla möguleika á margs konar útfærslu verkefna. Fram kom í rýnihópi kennara að þeir þyrftu að einbeita sér meira að tjáningu nemenda í tímum og samræðu með nemendum. Þá mætti gera betri úttekt á hvaða kennsluhætti er verið að nota þ.e. ítarlegri en í sjálfsmatskýrslunni. Nemendur í rýnihópi sögðu kennsluhætti vera fjölbreytta en of mikið væri um glærur og fyrirlestra og spurningar í lokin í bóklegum áföngum. „Getur verið þægilegt en skapar leiða.“ Dæmi um fjölbreytta kennsluhætti væri verklegt og bóklegt í bland sem væri óalgengt.

Skólinn nýtir upplýsingatækni í öllu skólastarfi. Hluti námsefnisins er í kennslukerfi skólans, *Moodle*. Allir nemendur eru með fartölvu og kennarar fá fartölvu frá skólanum. Í kennslukerfinu er að finna fyrirmæli og upplýsingar um verkefni ásamt leiðbeiningum og flestum verkefnum skilað í kerfinu. Ekki er fast skipulag á verkefnaskilum en það fer eftir kennurum hverju sinni. Fram kom í rýnihópi kennara að aukin verkefnaskil m.a. vegna leiðsagnarmats virtist hafa aukið álag á nemendur. Nemendur sögðu betra skipulag þurfa að vera á verkefnaskilum til að minnka álag og óreiðu.

Kennslukannanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur. Í niðurstöðum áfangakönnunar meðal nemenda í félagsgreinum og erlendum tungumálum árið 2013 kemur fram að 77% svarenda segja að kennsla sé í samræmi við markmið áfangans og um 80% að áfanginn sé vel skipulagður og kröfur skýrar. 68% svarenda segja áfangann vera krefjandi, 66% telja sig hafa lært mikið í áfanganum en 48% eru sammála því að áhugi þeirra á

⁶⁷ Ársskýrsla skólans 2013.

námsefninu hafi aukist. Um 80% svarenda telja sig hafa lagt sig fram í áfanganum og 84% telja að kennarinn sé áhugasamur um kennsluna.⁶⁸ Í ársskýrslu skólans 2013 kemur fram að 85% kennarar skólans hafi innleitt leiðsagnamat í kennslu og hafi þeim fjölgað talsvert frá fyrra ári.⁶⁹ Að sögn kennara og stjórnenda er rætt við kennara komi þeir illa út úr kennslukönnun.

Einstaklingsáætlanir eru gerðar á starfsbraut en ekki fyrir nemendur í dagskóla. Í skólanámskrá er stefna um heimavinnu. Þar segir m.a.: *Heimanám er ófrávíkjanlegur hluti af námi í skólanum. Við nám í framhaldsskóla þurfa nemendur að öðlast færni í ýmsum þáttum sem ekki næst með því einu að sitja í kennslustundum. Eðli málsins samkvæmt er þetta mismunandi eftir námsgreinum en allir nemendur þurfa að ætla sér tíma fyrir heimanám daglega. ... Námsráðgjafi og umsjónarkennari aðstoða nemendur við gerð áætlana og skipulags í heimanámi.*⁷⁰

Nemendur, sem rætt var við, sögðu sumir mikinn tíma fara í heimavinnu og ekki alltaf tími til að fá aðstoð í skólanum. Oft sé of mikið í gangi í einu, það vanti heimavinnukerfi milli kennara. Fram kom hjá kennurum og námsráðgjöfum að margir nemendur vinni mikið með skólanum, *mikil peninganeysla* en einnig þurfi sumir nemendur að vinna. Fram kom í hópi nemenda að ekki fái allir nemendur mikinn stuðning og þurfi því að vinna. Í úttektinni kom fram dæmi af nemanda sem vinnur fast einn virkan dag í viku og mætir þá ekki í skólann þann dag.

5.2.1. Jafnréttiskennsla

Skólinn hefur ekki sérstakan áfanga sem gengur eingöngu út á jafnrétti og kynjafræði heldur hefur þessi fræðsla dreifst inn í marga áfanga. Nýnemar taka allir lífsleikni á fyrstu önn en í áfanganum er m.a. fjallað um jafnrétti ásamt fleiru því tengt. Kynungabók er notuð í þessa fræðslu. Í LKN103 er fjallað um jafnrétti: Farið í gegnum Kynungabók, í UPP103 er fjallað um kynhlutverk og kynímyndir í uppeldi, í UPP203 er fjallað um kynjamun í íþróttum og mismunandi áherslur, í FÉL313 er fjallað um jafnrétti kynjanna og í FÉL203 er fjallað um femínisma, í FÉL323 er fjallaðu um sifjakerfi, hópamyndun og stjórnkerfi.⁷¹

5.3. Lýðræði

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans...Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.⁷²

⁶⁸ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

⁶⁹ Ársskýrsla skólans 2013.

⁷⁰ Skólanámskrá MÍ 2014 – 2015.

⁷¹ Upplýsingar frá jafnréttisfulltrúa skólans.

⁷² Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:14

Lýðræðisleg aðkoma starfsmanna og nemenda að skólastarfinu er formleg í gegnum setu þeirra í skólanefnd og í skólaráði. Skólafundir eru haldnir u.þ.b. einu sinni á ári, nemendur láta í ljós viðhorf sitt í kennslu- og viðhorfskönnunum og starfsmenn í viðhorfskönnunum. Foreldrar eiga sinn vettvang í gegnum foreldrafélag og eiga áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í flestum hópum sem rætt var við kom fram meira samráð mætti hafa um ýmsar ákvarðanir er varðaði skólastarfið.

5.4. Þróunarverkefni

Skólinn er í samstarfi við menntaskóla í Frakklandi um nemendaskipti. Nemendur beggja skóla hafa skipst á að heimsækja hvorn annan annað hvert ár. Skólarnir hafa verið í samstarfi um þetta verkefni síðan árið 2004. Einnig er skólinn með samstarfssamning við danskan verknámsskóla um nemendaskipti og hefur hann verið í gildi frá árinu 2011.⁷³

Að sögn kennara hefur vinna við nýja skólanámskrá verið mikil þróunarvinna. Þá hefur skólinn unnið að þróun framhaldsskólabrautar í samstarfi við *Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra*, *Verkmenntaskóla Austurlands* og *Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum* um námskrárgerð og innleiðingu framhaldsskólalaganna. Einnig hefur verið unnið að námsbraut í hlífðargassuðu. Skólinn, ásamt *Nýsköpunarmiðstöð Íslands*, kemur að rekstri nýsköpunarmiðju (Fab Lab) í húsnæði skólans og leggur m.a. til tækjabúnað og húsnæði. Einnig er skólinn í samstarfi við *Fjölbrautarskólann í Breiðholti*, *Mími símenntunarstöð* og *Fjölmenningarsetur* um nýja námskrá í samfélagstúlkun. Þá hefur MÍ verið hluti af samstarfi 12 framhaldsskóla á landsbyggðinni um fjarnám í gegnum *Fjarmentaskólann* (fjarmentaskolinn.is). Allar upplýsingar um þetta er að finna í síðustu ársskýrslum skólans sem finna má á heimasíðu skólans.

⁷³ Gögn frá skóla.

5.5. Mat úttektaraðila

- Námsframboð skólans er bæði skv. nýrri skólanámskrá, í samræmi við lögin frá 2008 og aðalnámskrá 2011, svo og eldri námskrá. Stefnt er að því að allir nýnemar í bóklegu námi hefji nám samkvæmt nýju námsframboði haustið 2015.
- Í stefnu skólans er fjallað um ýmsa þætti er varða nám og kennslu m.a. fjölbreytni, kennsluhætti, samfellda, markvissa, hæfilega sérhæfingu, að stuðlað sé að alhliða þroska, að efla nemendur sem virka þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi o.fl. Hópvinnna er nýtt svo og vettvangsferðir og fjölbreyttar aðferðir við verkefnaskil, tilraunir með vendikennslu (e. *Flipped Classroom*) og samstarf við *FABLAB*, stafræn smiðju⁷⁴ en með þeirri aðstöðu opnast að mati úttektaraðila miklir möguleikar til að veita nemendum nám við hæfi og um leið mun nýsköpunar- og frumkvöðlamenntun eflast. Skoða má enn frekar með nemendum fjölbreytni í kennsluháttum.
- Skólinn er í samstarfi við aðra framhaldsskóla um fjarnám gegnum Fjarmenntaskólinn.is. Þetta samstarf er afar mikilvægt skólanum og þyrfti að efla enn frekar m.t.t. fækkunar nemenda á svæðinu og framtíðar skólans. Að mati úttektaraðila er framboð skólans fjölbreytt miðað við stærð hans og margar leiðir nýttar í því skyni.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar á starfsbraut.
- Stefna um heimanám er í skólanámskrá. Fram kom hjá nemendum að námsálag hafi aukist með nýjum kennsluháttum og að betra skipulag þurfa að vera á verkefnaskilum til að minnka álag og óreiðu. Í nýrri aðalnámskrá reiknast vinna nemenda í námseiningum sem gerir kröfu um skipulega vinnu þeirra. Má í þessu skyni benda á fyrirkomulag í Menntaskólanum á Tröllaskaga um skil á verkefnum sem hefur reynst vel.
- Skólinn hefur ekki sérstakan áfanga sem gengur eingöngu út á jafnrétti og kynjafræði heldur hefur þessi fræðsla dreifst inn í marga áfanga.
- Lýðræðisleg aðkoma starfsmanna og nemenda að skólastarfinu er formleg í gegnum setu þeirra í skólanefnd, og í skólaráði. Skólafundir eru haldnir u.þ.b. einu sinni á ári, nemendur láta í ljós viðhorf sitt í kennslu- og viðhorfskönnunum og starfsmenn í viðhorfskönnunum. Foreldrar eiga sinn vettvang í gegnum foreldrafélag og eiga áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í flestum hópum sem rætt var við kom fram meira samráð mætti hafa um ýmsar ákvarðanir varðandi skólastarfið.
- Skólinn hefur tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og fjölmörgum þróunarverkefnum innanlands á síðustu árum, sem flest hafa skilað sér í námið.

⁷⁴ Ársskýrsla skólans 2013.

6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Eitt af yfirmarkmiðum MÍ er að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum. Á starfsdögum vorið 2013 ræddi vinnuhópur um skólabrag og hvaða þættir skiptu þar máli. Þar voru rædd ýmis atriði s.s. samkennd, áhugi, samskipti, fjölmening, umgengni, hreyfing o.fl.⁷⁵ Fram kom í rýnihópum að starfsandi í skólanum væri almennt góður og einkennist m.a. af vinalegu umhverfi, nánd og heimilislegu andrúmslofti. Einnig kom fram að skólabragurinn einkenndist um of af ákveðnu agaleysi og metnaðarleysi m.a. í umgengni.

Skólinn hefur undanfarin ár tekið þátt í könnuninni *Stofnun ársins*. Heildarmat skólans árið 2015 var 3,79 en var 3,88 árið 2013. Þátttaka var hins vegar of lítil árið 2014 til þess að hægt væri að birta niðurstöður. Ánægja og stolt mældist 2015 4,10 og 4,11 árið 2013 og starfsandi 4,08 árið 2015 og 4,10 árið 2013 (starfhæft bil 3,8 - 4,2). Allir þættir í könnuninni voru svipaðir á milli ára.

6.1. Líðan nemenda

Í sjálfsmatsskýrslu skólans 2013 -2014 kemur fram að markmið skólans voru að hlutfall nemenda sem líður vel í skólanum yrði ekki undir 80% á vorönn 2013 og ekki undir 85% á vorönn 2014.

Í könnuninni *Betri líðan* sem gerð var árið 2013 meðal 16 – 17 ára⁷⁶ framhaldsskólanemenda kom fram að meðaltal á þáttunum *Líðan og lífsánægja* er í flestum þáttum lægra meðal þátttakenda í MÍ en meðaltal allra skóla. Þó segjast stelpur í MÍ vera sterkari og hraustari en meðaltal allra skóla mælir. Í þáttunum *Tilhneiging til þunglyndis* er nemendur MÍ svipaðir nemendum annarra skóla en þar sést að fleiri stelpur en strákar segjast niðurdregnar og daprar. Fram kemur nokkur munur á afstöðu kynja allra skóla í þáttunum *Viðhorf og vandi í námi* en færri nemendur MÍ en annarra skóla segja námið tilgangslaust, að þeir hafi ekki lagt nægilega rækt við það, leiðist námið, líði illa í skólanum og finnast námið of létt eða of þungt. Yfirlit yfir helstu þætti sem tengdir eru líðan nemanda má sjá í töflu 10.⁷⁷ Tölur úr könnuninni 2014 liggja ekki fyrir.

Tafla 10. Niðurstöður rannsóknar Rannsóknar og greiningar 2013 á líðan 16-17 ára nemenda við Menntaskólann á Ísafirði

Þáttur	Strákar	Meðaltal allra skóla	Stelpur	Meðaltal allra skóla
<i>Líðan og lífsánægja</i>				
Hamingjusöm	77%	84%	79%	82%
Ánægð með lífið	77%	85%	75%	81%

⁷⁵ Ársskýrsla 2013

⁷⁶ Um er að ræða árganga 1993-1994 sem á þessum tíma voru 16-17 ára

⁷⁷ Rannsókn og greining – Betri líðan

Páttur	Strákar	Meðaltal allra skóla	Stelpur	Meðaltal allra skóla
Sterk og hraust	76%	78%	72%	66%
<i>Tilhneiging til þunglyndis</i>				
Niðurdregin eða döpur	6%	6%	17%	15%
Framtíðin vonlaus	6%	5%	5%	7%
<i>Viðhorf og vandi í námi</i>				
Námið tilgangslaust	5%	9%	3%	5%
Legg ekki nægilega rækt við námið	15%	32%	12%	22%
Leiðist námið	18%	26%	11%	16%
Líður illa í skólanum	3%	6%	6%	7%
Námið of létt	5%	10%	2%	4%
Námið of þungt	12%	18%	19%	23%

6.2. Einelti og agamál

Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum, sjá nánar kafla 2.3.1. Í rýnihópum kennara og í viðtölum við skólastjórnendur kom fram að vegna smæðar skólans skapist mikil samheldni meðal nemenda og starfsmenn séu í betri aðstöðu til að greina eineltis- og agamál fyrr en ella. Þetta viðhorf kom einnig fram hjá foreldrum. Þessir þættir geri það að verkum að lítið sé um einelti í skólanum. Fram kom að eitt tilvik um einelti hefði komið upp, það hefði verið leyst samkvæmt ferlum skólans og fengið farsælan endi. Skólinn hefur ekki sérstaklega kannað einelti meðal starfsmanna og ekki var fjallað um eineltistengda þætti í nýjustu skýrslu *Rannsóknar og greiningar*.⁷⁸

Skólareglur eru í skólanámskrá á heimasíðu skólans.⁶⁴ Fram kom í flestum rýnihópum starfsfólks, nemenda og kennara að aga væri ábótavant í skólanum t.d. væri of mikil notkun samfélagsmiðla hjá nemendum. Skólareglur væru ekki nægilega skýrar t.d. hvað varði mætingar. Í reglunum segir *nemendum í reglulegu námi ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir samkvæmt stundatöflu nema lögmæt forföll hamli*. Skólasóknareinkunn er gefin eftir mætingarhlutfalli að teknu tilliti til vottorða og leyfa. Fari skólasókn undir 80% er einkunnin 4 sem er fall en kennarar segja að aldrei sé farið eftir því, það sé stefna skólastjórnenda. Oft væri ekki gripið inn í þegar stefndi í óefni. Þá væru sumir kennarar e.t.v. of sveigjanlegir. Meira samráð þurfi um agamál og mætingar.

6.3. Félags- og tómstundastarf

Í ársskýrslu skólans 2014 kemur fram að nemendafélag skólans standi fyrir gróskumiklu félagslífi s.s. ráð, klúbbar, leikrit, útgáfa skólablaðs ásamt ýmsu öðru. Félagsaðstaða er í svonefndri Gryfju á jarðhæð skólans. Sólrishátíðin, sérstök lista- og menningarvika í umsjá nemenda skólans, er hápunktur í menningar- og félagslífi hans og hefur verið haldin árlega

⁷⁸ Rannsókn og greining – Betri líðan.

frá 1974.⁷⁹ Fram kom hjá stjórnendum og stjórnar nemendafélagsins að gott samstarf hafi verið á milli stjórnarinnar og skólastjórna. Að sögn nemenda, m.a. fulltrúa úr stjórn nemendafélagsins, sem rætt var við, stendur nemendafélagið fyrir ýmsum viðburðum en lítil þátttaka sé hjá nemendum. Félagið reyni að halda félagslífinu gangandi en illa gangi að virkja nemendur. Fram kom hjá kennurum, stjórnendum og foreldrum að félagslíf nemenda væri að þeirra mati mjög virkt.

6.4. Jafnrétti meðal nemenda

Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sjá nánar kafla 2.3.2. Skólinn hefur móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sjá nánar í kafla 9.1. Val nemenda á námi er kynbundið. Konur eru í meirihluta á félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut, almennri námsbraut, sjúkraliðabraut og í háriðngreinum. Eingöngu karlar sækja allar iðnbrautir nema skipsstjórn og háriðn. (sjá töflu 12). Skólinn hefur ekki sérstök markmið til að hafa áhrif á val nemenda.

Tafla 12. Kynjaskipting nemenda eftir námsbrautum á vorönn 2015

Vorönn 2015		
Braut	KK	KVK
Félagsfræðabraut	30,6%	69,4%
Náttúrufræðibraut	47,7%	52,3%
Almenn námsbraut	42,9	57,1
Vélstjórn A og B	100%	
Skipisstjórn	96,4%	3,6%
Stálsmiði	100%	
Grunndeild málmíðna	100%	
Grunndeild bíliðna	100%	
Háriðngreinar	100%	
Sjúkraliðabraut	8,3%	91,7%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	100%	

6.5. Náms- og starfsráðgjöf

Við skólann starfar tveir náms- og starfsráðgjafar í samtals 100% starfshlutfalli með fullgild réttindi til starfsins. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa skólans er að *veita nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann og eru þeim til ráðuneytis og aðstoðar við lausn vandamála sem tengjast námi eða félagslegum þáttum skólavistarinnar.*⁸⁰ Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafar skólans eru:^{81,82}

1. Námsstyrking

⁷⁹ Ársskýrsla 2014.

⁸⁰ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

⁸¹ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

⁸² Heimasíða MÍ.

2. Vinnubrögð í námi
3. Uppbygging náms í MÍ
4. Náms- og starfsval
5. Persónuleg ráðgjöf
6. Hindranir í námi
7. Alhliða námsráðgjafaáætlun

Á vorönn 2015 voru 37 nemendur, 24 strákar og 13 stelpur, sem hafa greiningu um námsörðugleika, þar af 22 með dyslexiu, 13 strákar og 9 stelpur.

Í þjónustukönnun, sem skólinn gerði 2014, kom fram að af þeim nemendum sem höfðu komið til náms- og starfsráðgjafa segjast 89% mjög eða nokkuð ánægðir með viðmót náms- og starfsráðgjafa. 26% nemenda segjast ekki hafa kynnt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og 26% ekki hafa leitað til náms- og starfsráðgjafa og 9% viti ekki hvar skrifstofa þeirra er. Í könnuninni kom fram að auka mætti þekkingu meðal nemenda á starfi náms- og starfsráðgjafa svo sá skilningur sé meðal nemenda að þjónusta þeirra sé fyrir alla nemendur skólans. Einnig var bent á að breyta þyrfti vinnuferlum svo allir nýir nemendur mæti í viðtal til náms- og starfsráðgjafa óháð aldri ásamt því að bæta viðmót og hlustun.⁸³ Náms- og starfsráðgjafar benda á að 96-98% nemenda sækji nýnemaviðtöl að hausti og þjónusta ráðgjafarinnar sé rækilega kynnt í lífsleikni sem allir nemendur sækja nema þá fullorðnir nemendur sem fá þann áfanga metinn. Hugsanlega séu einhverjir nemendur sem teljast ekki til nýnema að missa af slíkum viðtölum sem nýnemaviðtölin eru þar sem farið yfir hvað náms- og starfsráðgjafar skólans gera og svo er spurt um líðan í skólanum og hvernig gengur í náminu og ráðgjöf veitt ef með þarf í framhaldinu.

6.6. Forvarnar- og áfallaráð

Við skólann er starfrækt forvarnarteymi. Hlutverk teymisins er *að stuðla að því að forvarnir í viðtækum skilningi séu hluti af daglegu starfi skólans*. Forvarnarteymi skipa stjórnendur, náms- og starfsráðgjafar, forvarnarfulltrúi og félagsmálafulltrúi. Skólameistari ásamt forvarnarfulltrúa eru í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvarna í skólanum.⁸⁴ Ekki er starfandi áfallaráð í skólanum og ekki er til áætlun vegna áfalla innan skólans en skólinn hefur viðbragðsáætlun almannavarna.

6.7 Mat úttektaraðila

⁸³ Þjónustukönnun 2014.

⁸⁴ Skólanámsskrá MÍ 2014-2015.

- Skv. könnun *Rannsóknar og greiningar* 2013 meðal 16 – 17 ára nemenda MÍ virðist þeim almennt líða vel í skólanum og vera sátt við námið. Hins vegar þarf að rýna betur í hvers vegna flestir þættir í flokknum *Líðan og lífshamingja* koma verr út en meðaltal annarra skóla og er hér vísað í umræðu um brottfall og sálfræði- og geðlæknisþjónustu í kafla 2.8.
- Fram kom í rýnihópum að starfsandi í skólanum væri almennt góður sem staðfestist í könnuninni *Stofnun ársins* 2015. Hann einkennist m.a. af vinalegu umhverfi, nánd og heimilislegu andrúmslofti. Einnig kom fram að skólabragurinn litaðist um of af ákveðnu agaleysi og metnaðarleysi m.a. í umgengni eins og áður hefur komið fram. Fram kom í mörgum rýnihópum að nemendur kæmst upp með að mæta illa í tíma og að ekki væri brugðist við því nægilega vel. Einnig var minnst á að umgengni mætti batna. Telja úttektaraðilar að skólinn þurfi að huga betur að agamálum, sérstaklega hvað varðar mætingar.
- Skólinn hefur stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum, sjá nánar kafla 2.3.1. Í rýnihópum kennara og í viðtölum við skólastjórnendur kom fram að vegna smæðar skólans skapist mikil samheldni meðal nemenda og starfsmenn séu í betri aðstöðu til að greina eineltis- og agamál fyrr en ella. Þetta viðhorf kom einnig fram hjá foreldrum.
- Skólinn hefur ekki sérstaklega kannað einelti meðal starfsmanna og ekki var fjallað um eineltistengda þætti í nýjustu skýrslu *Rannsóknar og greiningar*.⁸⁵ Þessa þætti mætti rýna frekar í.
- Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sjá nánar kafla 2.3.2. Skólinn hefur móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Val nemenda á námi er kynbundið. Konur eru í meirihluta á félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut, almennri námsbraut, sjúkraliðabraut og í háriðngreinum. Eingöngu karlar sækja allar iðnbrautir nema skipsstjórn og háriðn. (sjá töflu 12). Skólinn hefur ekki sérstök markmið til að hafa áhrif á val nemenda en aðgerðir í þá veru eru æskilegar m.t.t. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, 23. gr.
- Náms- og starfsráðgjöf við skólann er vel sinnt. Úttektaraðilar telja að náms- og starfsráðgjafar hafi í mörg horn að líta en hafi þarfir einstaklingsins í huga í starfi sínu s skv. stefnu skólans. Frá haustönn 2011 hafa allir nýnemar farið í sérstakt viðtal hjá náms- og starfsráðgjöfum. Einnig þurfa nemendur sem koma nýir inn í

⁸⁵ Rannsókn og greining – betri líðan

skólann að hitta náms- og starfsráðgjafa við upphaf skólagöngu. Kynna mætti þjónustuna enn betur svo nemendur átti sig á að hún er ætluð öllum nemendum.

- Við skólann er forvarnarteymi. Hlutverk teymisins er *að stuðla að því að forvarnir í víðtækum skilningi séu hluti af daglegu starfi skólans*. Ekki er starfandi áfallaráð í skólanum og ekki er til áætlun vegna áfalla innan skólans en skólinn hefur viðbragðsáætlun almannavarna.

7. INNRA MAT

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laga nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur⁸⁶.

Samkvæmt lögum nr. 98/2008 um framhaldsskóla er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum eftirfarandi:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluþrýðinga, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,*
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum¹⁹*

7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Mí hefur framkvæmt kerfisbundið mat á skólastarfinu síðan árið 2003. Markmið skólans er að byggja upp altækt og fjölbreytt sjálfsmatskerfi þar sem allir, bæði starfsfólk og nemendur, taki virkan þátt í að meta skólastarfið og setja fram tillögur um úrbætur. Í matinu eru sett fram markmið og gerð framkvæmdaáætlun. Það felur m.a. í sér greiningu á tölulegum gögnum, fyrirlögn kannanna o.fl. Sjálfsmatsnefnd sér um skipulag og framkvæmd matsins en í henni sitja þrjú fulltrúar kennara en skólameistari er ábyrgur fyrir matinu. Sjálfsmatsnefnd er að sögn skólameistara mjög sjálfstæð. Nefndin fundi eftir þörfum og stjórnendur mæta þegar þeir eru kallaðir til.

Sjálfsmatsskýrslur og áætlanir um framkvæmd þess liggja fyrir á heimasíðu skólans. Áætlun um framkvæmd innra mats er gerð til þriggja ára og uppfærð árlega. Þar eru tilgreint hvaða aðgerðir á að fara í, á hvaða tíma og hver sé ábyrgur.⁸⁷ Í vísbindingum til undirbúnings ytri úttektar kemur fram að skólinn hafi skilgreint að hluta til matsviðmið til að nota við innra mat. Gagnaöflun og greining sé í lagi en gera þurfi betur svo unnt sé að fá enn betri mynd af styrkleikum og veikleikum skólastarfsins.⁸⁸

7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati

Skv. skýrslu skólans um innra mat fyrir skólaárið 2013- 2014 hafa kennarar og nemendur aðkomu að innra mati. Kennarar með setu í sjálfsmatsteymi og við gerð umbótaráætlunar og nemendur svara áfangamati. Foreldrar og annað starfsfólk kemur ekki að innra mati. Áætlað er að auka þátttöku nemenda og kennara skólaárið 2014-2015 með þátttöku í

⁸⁶ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, gr. 40

⁸⁷ Sjálfsmatskýrsla 2013-2014.

⁸⁸ Vísbindingar til undirbúnings ytri úttektar.

rýnihópum.⁸⁹ Þetta var gert í sjálfsmati sem unnið var vegna undirbúnings þessarar úttektar.⁹⁰

7.3. Mat á frammistöðu kennara

Í innra mati er frammistaða kennara metin með áfangamati sem er lagt fyrir nemendur.⁹¹ Áfangamatið er meginþing könnun þar sem nemendur eru beðnir um að meta ýmsa þætti er varða kennsluna. Heildarniðurstöður áfangamats koma fram í skýrslu sjálfsmatsnefndar fyrir hvert og eitt skólaár. Skýrslurnar eru vistaðar á heimasíðu skólans. Kennarar fá niðurstöður áfanga sem þeir kenna og skólameistari fær heildarniðurstöður og fer yfir matið með hverjum og einum kennara. Ef kennari kemur illa út úr áfangamati er að sögn skólameistara alltaf rætt við viðkomandi og reynt að finna lausn á málinu. Að hans sögn er hins vegar erfitt að taka á slakri frammistöðu kennara og nánast ómögulegt að segja upp kennara sem virðist ekki sinna skyldum sínum og/eða formlega hefur verið kvartað yfir vegna mjög flókans ferlis við uppsögn.

7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats

Áætlun um umbætur hefur verið gerð í kjölfar innra mats. Í ársskýrslu skólans 2013 kemur fram að umbótaáætlanir hafi verið gerðar í upphafi anna frá árinu 2010 en þær séu unnar í samvinnu kennara og stjórnenda en einnig séu þær lagðar fyrir skólaráð, skólanefnd og kennarafund til frekari umfjöllunar áður en þær hafa verið samþykktar. Þar kemur jafnframt fram hvernig skólanum gekk að vinna úr áætluninni⁹²

Skólameistari er ábyrgur fyrir umbótum og eftirfylgni á innra mati. Umbótaáætlun er gerð í kjölfar matsins í samvinnu við kennara og stjórnendur. Að sögn stjórnenda er innra matið gott stjórnþæki en eftirfylgnin mætti vera betri. Sviðsstjórar nefndu að umbótaáætlun skólans væri nú fylgt betur eftir en áður. Áætlunin er lögð fyrir skólaráð og kennarafund til frekari umfjöllunar áður en hún er samþykkt. Niðurstöður matsins eru kynntar formlega í skólanefnd og skólaráði. Aðrir starfsmenn og foreldrar segjast hvorki hafa fengið kynningu á innra mati né niðurstöðum þess en foreldrar sögðust vita af sjálfsmatsskýrslum á heimasíðu skólans.

⁸⁹ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

⁹⁰ Vísbendingar til undirbúnings ytri úttektar.

⁹¹ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

⁹² Ársskýrsla 2013.

7.5. Mat úttektaraðila

- MÍ hefur framkvæmt kerfisbundið mat á skólastarfinu síðan árið 2003. Innra mat skólans uppfyllir að flestu leyti viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat. Allir þættir skólasamfélagsins eru metnir og flestir aðilar skólasamfélagsins koma að matinu, m.a. með þátttöku í könnunum.⁹³ Áætlað er að auka þátttöku nemenda og kennara skólaárið 2014-2015 með þátttöku í rýnihópum en æskilegt væri að fulltrúi nemenda, stjórnenda og annarra starfsmanna ætti sæti í sjálfsmatshópnum svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins, sbr. lög um framhaldsskóla.
- Í innra mati er frammistaða kennara metin m.a. með áfangamati sem lagt er fyrir nemendum og með mati kennara á eigin áföngum. Skólameistari fylgir niðurstöðum eftir. Fram kom í úttektinni að og nánast ómögulegt væri að segja upp kennara vegna mjög flókens ferlis við uppsögn. Úttektaraðilar telja mikilvægt að skoðað verði hvernig hægt er auðvelda uppsögn kennara sem virðist ekki sinna skyldum sínum svo tryggja megi betur réttindi nemenda til kennslu skv. lögum um framhaldsskóla.
- Niðurstöður matsins koma fram í árlegri skýrslu sjálfsmatsnefndar og matsins eru kynntar formlega í skólanefnd og skólaráði. Kynna ætti niðurstöður þess betur fyrir skólaráði, nemendum, öðru starfsfólki en kennurum og foreldrum. Þá mætti eftirfylgni þess vera enn meiri.
- Áætlun um framkvæmd innra mats til þriggja ára liggur fyrir og er uppfærð árlega. Þar eru tilgreint hvaða aðgerðir á að fara í, á hvaða tíma og hver sé ábyrgur.
- Matið þarf að endurskoða þegar skólinn hefur útfært frekar kennsluhætti og námsmat í samræmi við markmið og áherslur í aðalnámskrá framhaldsskóla.

⁹³ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

8.1. Foreldraráð

Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð. Skólameistari boðar til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann. Félagsmenn geta verið foreldrar nemenda við skólann.⁹⁴

Foreldraráð er við skólann, markmið þess eru að:

- að efla samstarf foreldra / forráðamanna og starfsfólks/nemenda skólans
- að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
- að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
- að vera samstarfsvettvangur foreldra / forráðamanna innbyrðis standa vörð um réttindi nemenda til menntunar og aukins þroska
- að veita skólanum lið, svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma

Meginverkefni ráðsins er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann. Kosið er í ráðið á aðalfundi þess. Ráðið er skipað fjórum fulltrúum foreldra og einum fulltrúa kennara.⁹⁵ Eldri fundargerðir þess fram til 2008 eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Foreldraráðið hefur fundað formlega einu sinni skólaárið 2014 – 2015 og þá með stjórn nemendafélagsins. Þar var fjallað um félagslíf nemenda, móttöku nýnema, foreldrakaffi, þorablót sem foreldra- og nemendafélagið gæti staðið fyrir o.fl.

Foreldraráð er að sögn fulltrúa í ráðinu virkt. Fulltrúar þess hittist ekki oft formlega en séu með Fésbókarhóp þar sem deilt er upplýsingum og skipst á skoðunum. Þá heldur ráðið úti öðrum Fésbókarhópi fyrir alla foreldra og með samþykki nemandans geta foreldrar fengið aðgang eftir 18 ára aldur hans. Í hópnum eru nú 148 virkir foreldrar og þar eru upplýsingar til foreldra og fyrirspurnir til ráðsins. Foreldrar sjá t.d. um gæslu á dansleikjum og hafa séð um óvænt morgunkaffi fyrir nemendur og forráðamenn.

8.2. Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarf er á milli skólans og grenndarsamfélagsins. Skólinn er í samstarfi við *Nýsköpunarmiðstöð Ísland*, *Ísafjarðarbæ* og *Bolungarvíkurkaupstað* um uppsetningu og rekstur stafrænnar smiðju (*FABLAB*). Á heimasíðu skólans kemur fram að smiðjan muni nýtast til ýmissa verkefna s.s. kennslu í hönnun og teikningu í MÍ, grunnskólanemar á svæðinu muni hafa aðgang að smiðjunni ásamt því að hún verði opin fyrir almenning. Hún

⁹⁴ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 50. gr

⁹⁵ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

sé því vel til þess fallin að efla nýsköpun og þróun á litlum atvinnusvæðum og geti eflt verulega möguleika íbúa til að skapa sér lífsviðurværi með eigin hugmyndum.⁹⁶

Skólakór, sem er valáfangi, er í samstarfi við *Tónlistarskóla Ísafjarðar*.⁹⁷ Einnig er skólinn í samstarfi við fyrirtækið 3X-Technology ehf. sem séð hefur um kennslu sérgreina í stálsmíðanámi.⁹⁸ Þá gaf *Orkubú Vestfjarða* skólanum rafbíl til notkunar í náminu.⁹⁹ Skólinn á að sögn yfirstjórnar í góðu samstarfi við *Heilbrigðisstofnun Vestfjarða* en þangað sækja nemendur í sjúkraliðanámi bæði vinnustaðanám í hjúkrun og einnig hluta af starfsþjálfun sinni.

8.3. Lýðræði og þátttaka

Foreldrar, sem rætt var við, sögðust eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann og upplifa vilja til samstarfs hjá kennurum og stjórnendum. Í Vísbindingum fyrir ytra mat kemur fram að *forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila*.¹⁰⁰ Foreldrar koma að faglegu starfi skólans með setu formanns foreldraráðs í skólanefnd. Skólinn framkvæmir formlega könnun meðal foreldra annað hvert ár en árið 2014 voru niðurstöður ómarktækar vegna dræmrar þátttöku.¹⁰¹

8.4. Upplýsingaflæði

Foreldrar geta nálgast ýmsar upplýsingar á heimasíðu skólans en þar er m.a. að finna skólanámskrá, innra mat o.fl. Fundur er haldinn með foreldrum nýnema í byrjun skólaárs og foreldrar ólögráða nemenda fá sendar upplýsingar um námsstöðu í lok hvernar lotu og í lok skólaárs. Foreldrar eru á póstlista hjá skólanum þar sem tilkynnt um viðburði í skólanum. Í Vísbindingum fyrir ytra mat kemur fram að *upplýsingaflæði milli skóla og foreldra mætti vera reglulegra og formlegra t.d. með sérstakri fréttasíðu á heimasíðu skólans*¹⁰² Að sögn yfirstjórnar þá koma helstu fréttir úr skólastarfinu á heimasíðu hans en vissulega mætti setja fréttir oftar inn. Þá reyni stjórnendur einnig reynum að vera virkir á Fésbókarsíðu skólans.

⁹⁶ Heimasíða MÍ.

⁹⁷ Ársskýrsla 2013.

⁹⁸ Heimasíða MÍ.

⁹⁹ Ársskýrsla 2013.

¹⁰⁰ Vísbindingar til undirbúnings ytri úttektar.

¹⁰¹ Vísbindingar til undirbúnings ytri úttektar.

¹⁰² Vísbindingar til undirbúnings ytri úttektar.

8.5. Mat úttektaraðila

- Foreldraráð skólans er virkt og gott samstarf milli foreldra og stjórnenda skólans. Kosið er í ráðið á aðalfundi þess. Foreldrar hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið m.a. á heimasíðu, Fésbókarsíðum og kynningarfundum og forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila. Foreldrar koma að faglegu starfi skólans með setu formanns foreldraráðs í skólanefnd.
- Samstarf skólans og grenndarsamfélagsins er gott samstarf við atvinnulíf á svæðinu er með ágætum. Samstarf er við vinnustaði um starfsnám fyrir nemendur á starfsbraut og skólinn á í samstarfi við atvinnulífið í tengslum við áfanga sem kenndir eru í skólanum.

9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR

Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með heilsutengdar sérþarfir og nemendur með fötlun, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.¹⁰³

9.1. Almenn stoðþjónusta

Í skólanámskrá 2014-2015 segir Menntaskólinn á Ísafirði leitast við að tryggja að hver einstaklingur finni nám við hæfi og að hann geti ráðið námshraða sínum að svo miklu leyti sem við verður komið. Skólinn leitast við að aðstoða nemendur með sérþarfir til að takast á við nám sitt enda er skýrt kveðið á um þetta atriði í aðalnámskrá framhaldsskóla.¹⁰⁴ Við skólann eru veitt sérstök úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika. Stoðþjónusta skólans felst í náms- og starfsráðgjöf ásamt úrræðum fyrir nemendur með sértæka lestrar- og stafsetningarörðugleika, skilgreindar fatlanir eða skynjunarörðugleika s.s. munnleg próf, frávík frá hefðbundnu námsmati, undanþága frá einstökum áföngum. Einnig er nemendum með takmarkaða íslenskukunnáttu, heyrnarlausum og íslenskum nemendur sem hafa dvalið lengi erlendis boðið að stunda nám í íslensku samkv. sérstakri námskrá og er hún aðgengileg í skólanámskrá.¹⁰⁵

Að sögn námsráðgjafa hefur ekki verið hægt að virkja móttökuáætlun fyrir þessa nemendur vegna fjárskorts en móttökuáætlun sé til í hverju sveitafélagi sem skólinn vinni með. Þá valdi fámennið því að berjast hafi þurft fyrir íslensku fyrir erlenda íbúa á hverri önn. Stuðningstímar við nemendur hafa verið skornir niður. Áfangastjóri hafi gert áætlanir um námsframvindu nemenda með sérþarfir en eftir að hann lét af stöfum hafi orðið minna um það. Skólinn eigi erfitt með að bjóða nám við hæfi og taki inn á stúdentsbrautir nemendur sem ráði hvorki við bóklega né verklega námið en myndi henta betur nám á tveggja ára framhaldsskólabraut.

Að sögn námsráðgjafa er ekki skimað reglulega fyrir leshömlun en íslenskukennarar gera það með ákveðnum spurningum en nemendur komi með greiningu með sér úr grunnskóla sínum. Náms- og starfsráðgjafar leiðbeina nemendum um hvert má leita eftir að fá greiningar og eru í sambandi við sérfræðinga þegar það á við.¹⁰⁶

¹⁰³ Aðalnámskrá framhaldsskóla: 2011:60

¹⁰⁴ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

¹⁰⁵ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

¹⁰⁶ Skólanámskrá MÍ 2014-2015.

9.2. Starfsbraut

Starfsbraut er við skólann. Nám á brautinni er 140 einingar í fjögur ár fyrir nemendur sem geta ekki nýtt sér almennt námsframboð framhaldsskóla nema að litlu leyti vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika og er góð aðstaða er í skólanum fyrir fatlaða nemendur. Markmið brautarinnar eru að nemandi:

- *fái einstaklingsmiðuð námstækifæri*
- *auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna*
- *auki möguleika sína til áframhaldandi náms við hæfi*
- *fái þjálfun og reynslu sem nýtist honum í daglegu lífi og tímstundum*
- *fái tækifæri til að stunda nám með ófötludum nemendum eins og kostur er*
- *fái tækifæri til að tengja saman nám og starfsþjálfun - í skóla og á vinnustað og öðlist vinnufærni eftir því sem kostur er*
- *fái tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði að loknu námi.*¹⁰⁷

Alls stunda fjórir nemendur nám við brautina en hafa verið frá 3 – 9 á síðastliðnum árum. Námsframboð er að sögn sviðsstjóra brautarinnar í samræmi við þarfir hvers og eins og kennsla í höndum fagkennara þar sem við á eða nemendur í umsjá stuðningsfulltrúa. Enginn þroska- eða iðjuþjálfari starfar á starfsbraut skólaárið 2015-2015.¹⁰⁸ Sviðsstjóri brautarinnar hefur ekki sérstaka menntun í sérkennslu. Að sögn hans er mikið og gott samstarf við sviðsstjóra annarra starfsbrauta í landinu. Hins vegar sé samstarf hans við skólameistara lítið og hann ekki getað rætt við hann um fagleg málefni brautarinnar. Einnig sé viðhorf annarra kennara til brautarinnar mjög mismunandi. Fram kom hjá mörgum sem rætt var við í úttektinni að samstarf við sviðsstjóra starfsbrautar væri ekki mikið.

Brautinni lýkur með lokaprófi af starfsbraut. Námsmat er að sögn sviðsstjóra mismunandi, skrifleg próf, verkefni ásamt umsögnum. Einn nemandi hefur t.d. lokið stúdentsprófi af félagsfræðibraut. Að sögn sviðsstjóra brautarinnar og námsráðgjafa er of mikið bóklegt nám á brautinni. Verklegt nám eigi að vera þriðjungur en hafi ekki gengið eftir sökum skorts á kennurum.

¹⁰⁷ Sótt af heimasíðu MÍ.

¹⁰⁸ Vísbendingar til undirbúnings ytri úttektar

9.3. Mat úttektaraðila

- Mí hefur byggt upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist sinna þörfum þeirra vel, m.a. með fjölbreyttum kennsluáferðum og samvinnu við grenndarsamfélag. Úttektaraðilar telja að stuðþjónusta við nemendur sé að mestu leyti í samræmi við aðalnámskrá og að komið sé til móts við þarfir nemendahóps skólans eftir því sem við á en meta þarf stuðningstíma við nemendur eftir niðurskurð síðustu ára.
- Ekki hefur tekist að virkja móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku vegna fjárskorts. Endurmeta þarf þennan þátt eftir niðurskurð síðustu ára.
- Skoða þarf lausnir svo verklegt nám verði sá hluti af námi á starfsbraut sem því er ætlað að vera. Æskilegt er að sviðsstjóri brautarinnar hafi menntun í sérkennslu. Einnig þarf að bæta samstarf milli sviðsstjóra brautarinnar og stjórnenda og annarra sem starfa á brautinni.

10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Hér að neðan er greint frá styrkleikum, veikleikum Menntaskólans á Ísafirði. Greiningin byggir á viðtölum við stjórnendur, kennara, starfsmenn, nemendur, fulltrúa í skólanefnd, skólaráði og foreldraráði og mati úttektaraðila.

10.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Góður starfsandi, mikil nánd.	Erfiðlega gengur að laða að kennara með full réttindi, sérstaklega í verknámi.
Eini skólinn á Vestfjörðum þar sem nemendur geta lokið prófi úr framhaldsskóla og sem býður verknám.	Aga og umgengni er ábótavant og skólareglum ekki fylgt nægilega vel eftir.
Reynt er að koma til móts við margbreytilegan nemendahóp m.a. með fjölbreyttu námsframboði og öflugri stoðþjónustu.	Óljós viðmið um verkefnaskil sem skapa álag á nemendur.
Samstarf við aðra framhaldsskóla í Fjarmentaskólinn.is	Hröd fækkun nemenda.
Mikið og gott samstarf við atvinnulíf og grenndarsamfélag.	Stærsta upptökusvæði skólans er fámennt sem getur hindrað fjölbreytni í skólastarfi, s.s. val nemendahóp m.a. með öflugri stoðþjónustu.
Metnaðarfullt, samstillt starfsfólk, stöðugleiki í starfsmannahópi.	Námsval nemenda er mjög kynbundið.
Gott samstarf skólanefndar og skólameistara.	Móttaka nýrra kennara ekki nægilega markviss.
Heimavist og mötuneyti.	Símenntunaráætlun kennara ekki til staðar.
	Fagleg einangrun kennara (einn kennari í grein).
	Ekki hefur tekist að uppfylla markmið starfsbrautar um verklegt nám.

10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þurfa skólinn, skólanefnd og mennta- og menningarmálaráðuneytið að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Þar sem ekki virðist ríkja sátt um aga og umgengnismál er lagt til að komið verði á samstarfsnefnd um þessi mál. Hlutverk nefndarinnar verði að endurskoða skólareglur og viðurlög. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar stjórnenda, kennara, nemenda og foreldra.
2. Skoðað verði hvernig festa megi viðmið um verkefnaskil. Hér mætti horfa til fyrirkomulags Menntaskólans á Tröllaskaga.
3. Gera þarf áætlun til að bregðast við fækkun í skólanum á næstu árum svo skólinn geti haldið áfram starfsemi sinni sem er upptökusvæði hans afar mikilvægt. T.d. gæti skólinn skapað sér enn frekari sérstöðu og eftt rafrænt nám þannig að nemendur skólans komi sem víðast að.
4. Kannað verði hvernig fjölga má kennurum með full réttindi sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda.
5. Hugað verði betur að móttöku nýrra starfsmanna og markvissri endurmenntun. Lokið verði við sí- og endurmenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn. Horft verði til frekara samstarfs við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Háskólasetur og enn frekar til nýrra miðla þar sem aðgangur kennara að endurmenntun getur verið erfiður vegna landfræðilegrar legu skólans.
6. Ljúka þarf við framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Jafnréttisnefnd sjái til þess að leitt verði til lykta mál um brot á jafnræðisreglu frá 2013. Þar sem val nemenda á námi virðist nokkuð kynbundið þarf skólinn að huga að frekari aðgerðum í þá veru að jafna það sbr. lög um jafnrétti.
7. Endurskoða ætti starfsmannahandbók og nýta betur.
8. Taka ætti saman árangur eftir greinum og æskilegt væri að skoða hvaða áhrif leiðsagnarmat í námsgreinum hefur á áframhaldandi nám nemenda og kanna afdrif nemenda skólans í framhaldsnámi enn frekar.
9. Skólaráð þarf að uppfylla enn betur hlutverk sitt sbr. lög um framhaldsskóla.
10. Rýna þarf betur í líðan nemenda, m.a. þar sem vísbendingar eru um hátt hlutfall nemenda sem segjast glíma við kvíða og andlega vanlíðan, og kanna einelti.
11. Samstarf við grunnskóla á svæðinu og háskóla mætti auka en þetta samstarf verður æ mikilvægara að teknu tilliti til hæfniprepa í nýrri aðalnámskrá.
12. Stjórnendur, nemendur, og annað starfsfólk eigi fulltrúa í sjálfsmatshópi svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins, sbr. lög um framhaldsskóla.

13. Meta þarf þörf fyrir stuðningstíma við nemendur og hvernig virkja megi móttökuáætlun nemenda með annað tungumál en íslensku eftir niðurskurð síðustu ára.
14. Skoða þarf lausnir svo verklegt nám verði sá hluti af námi á starfsbraut sem því er ætlað að vera. Æskilegt er að sviðsstjóri brautarinnar hafi menntun í sérkennslu. Einnig þarf að bæta samstarf milli sviðsstjóra brautarinnar og stjórnenda og annarra sem starfa á brautinni.

10.3.2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

1. Ráðuneytið skýri betur stefnu sína varðandi lengd iðnnáms og starfsgreinaráð flýti vinnu við samþykktir námsbrauta.
2. Auka ætti starfshlutfall í stjórnun skólans þar sem álag er mikið á yfirstjórn.
3. Auka þyrfti formlegt samstarf milli skólastiga, m.a. með tilliti til hæfniprepa aðalnámskráa.
4. Ráðuneytið ætti að beita sér fyrir samstarfi við Heilbrigðisráðuneytið um að skoða hvernig má auka sálfræði- og geðlæknisþjónustu við nemendur framhaldsskóla á landsbyggðinni.
5. Úttektaraðilar telja að afar mikilvægt að skoðað verði hvernig hægt er auðvelda uppsögn kennara sem virðist ekki sinna skyldum sínum svo tryggja megi betur réttindi nemenda til kennslu skv. lögum um framhaldsskóla.

11. HEIMILDIR

1. Aðalnámskrá framhaldsskóla. 2011. Sótt af heimasíða mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
2. Ársskýrsla skólans 2014 og 2013. Gögn sótt af heimasíðu skólans.
3. Embætti landlæknis. Heilsueflandi framhaldsskóli. Sótt af heimasíðu Embættis landlæknis.
4. Heimasíða MÍ. Ýmis gögn sem sótt voru af heimasíðu skólans.
5. Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 13.gr.
6. Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
7. Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla.
8. Ógnir og viðbrögð vegna nemendafækkunar í Menntaskólanum á Ísafirði. Gögn frá skóla.
9. Rannsókn og greining. 2014. Betri líðan. Gögn send Attentus af skóla.
10. Rannsókn og greining. 2014. Vímuefnanotkun framhaldsskólanema. Gögn send Attentus af skóla.
11. Reglugerð um skólanefndir framhaldsskóla nr. 132/1997.
12. Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997.
13. Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007.
14. Rýnihópur nemenda janúar 2015 – Sjálfsmatshópur. Gögn send Attentus af skóla.
15. Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014. Gögn sótt af heimasíðu skólans.
16. Skólanámskrá 2014-2015. Gögn sótt af heimasíðu skólans.
17. Skólafundur Ísafjarðarbæjar. 2011. Sótt af heimasíðu Ísafjarðarbæjar.
18. Starfsmannahandbók MÍ. Gögn frá skóla.
19. Verkefni I – Stefna Menntaskólans á Ísafirði. Gögn frá skóla.
20. Vísbendingar til undirbúnings ytri úttektar. Unnið af sjálfmatsnefnd MÍ.
21. Þjónustukönnun. 2014. Gögn frá skóla.